

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 28. febrúar 2022.

Málið nr. S-1547/2021:

Ákærvaldið

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Ásta Björk Eiríksdóttir lögmaður*)

(*Ásgeir Jónsson og Halldóra Aðalsteinsdóttir réttargæslumenn brotþola*)

Dómur:

Mál þetta var þingfest 17. september 2021 og dómtekið 9. febrúar 2022. Það var endurupptekið 14. febrúar og dómtekið að nýju sama dag. Málið höfðaði Lögreglustjórnin á Suðurnesjum með ákæru 30. júní 2021 á hendur ákærða, X, kt. [...], áður til heimilis í [...], nú búsettum í [...], fyrir eftirgreind brot gagnvart fyrrum eiginkonu sinni A, kt. [...], syni sínum B, kt. [...] og dóttur sinni C, kt. [...], svo sem ákæru var breytt á málflutningsdegi:

A. Brot gegn A.

Fyrir stórfelld brot í nánu sambandi gagnvart þáverandi eiginkonu sinni A, framin á tímabilinu frá 1. ágúst 2012 til 11. mars 2013 annars vegar og á tímabilinu frá 1. maí 2014 til 13. febrúar 2019 hins vegar, með því að hafa ítrekað, endurtekið og á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi hennar, heilsu og velferð með líkamlegu og andlegu ofbeldi, öskrað á hana og hótad henni og aðilum henni tengdum lífláti og líkamsmeiðingum, m.a. sem hér greinir:

A.I.

Með því að hafa í ágúst 2012, á þáverandi heimili ákærða og A að [...] á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi hennar, heilsu og velferð, með því að hafa tekið utan um háls A með báðum höndum og gripið í fótlegg hennar svo hún féll

við og lenti á hurðarkarmi með þeim afleiðingum að A hlaut mar á vinstri upphandlegg og kúlu efst á hvirfli.

A.II.

Með því að hafa 9. janúar 2013, á sama heimili ákærða og A, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi hennar, heilsu og velferð, með því að hafa tekið utan um báða handleggi A, ýtt henni í hjónarúm þeirra og ýtt höfði hennar ofan í rúmið, tekið um og kreist kjálka hennar, sest klovvega yfir hana í þrígang og haldið henni í rúminu, beint að henni ljótum og meiðandi orðum sem voru til þess fallin að móðga hana og smána, reitt hnefa á loft og hótað henni frekari líkamsmeiðingum og lífláti, allt með þeim afleiðingum að A hlaut marbletti víða á báðum handleggjum og tognun í öxlum og á háls hrygg.

A.III.

Með því að hafa aðfaranótt 1. febrúar 2013, á sama heimili ákærða og A, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi hennar, heilsu og velferð, með því að hafa hrint A er hún ætlaði að standa upp úr sófa í stofunni svo hún féll á stofuborð og síðan er hún klæddi sig í úlpu og ætlaði að yfirgefa íbúðina meinað henni brottför og svipt hana með því frelsi sínu, en ákærði hrinti henni aftur inn í íbúðina og ýtti henni inn í svefnherbergi þar sem hann hrinti henni svo hún féll á fataskáp og sló hana ítrekað utan undir með lófum beggja handa og hrinti henni svo hún féll í gólfið en að því búnu lyfti ákærði henni upp af gólfinu og henti henni í hjónarúm, settist þar klovvega yfir hana, tók um höfuð hennar með báðum höndum og lamdi höfði hennar ítrekað í rúmið, allt með þeim afleiðingum að A hlaut marbletti á úlnlið, bólgupoka í lófa og yfir grunnlið þumals og tvo marbletti á hægra læri.

A.IV.

Með því að hafa, á tímabilinu 7.-11. mars 2013, hringt í farsíma A [...] úr símanúmeri sínu [...] í samtals 29 skipti og 9. mars 2013 komið á heimili A [...], þrátt fyrir að ákærði hafi frá 1. febrúar 2013 sætt nálgunarbanni gagnvart A og mátti því hvorki koma að heimili hennar né hringja í símanúmer hennar eða setja sig með öðrum hætti í beint samband við hana.

A.V.

Með því að hafa í eitt skipti sumarið 2017, á þáverandi heimili ákærða og A að [...], á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi hennar, heilsu og velferð,

með því að hafa slegið A með opnum lófa í andlitið með þeim afleiðingum að hún hlaut roða á kinn.

A.VI.

Með því að hafa 9. febrúar 2018, á sama heimili ákærða og A, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi hennar, heilsu og velferð, með því að hafa beint að A ljótum og meiðandi orðum, m.a. orðinu hóra, sem voru til þess fallin að móðga hana og smána, ráðist á hana og slegið hana, en strax í kjölfarið réðist ákærði á móður A, D, fæddri [...], ýtti henni inn í svefnherbergi þannig að hún lenti á vegg og stól, ýtti aftur við henni, öskraði að henni ókvæðisorðum og hótaði henni lífláti og að hann myndi henda henni í hafið, en meðan á þessu stóð var C dóttir ákærða og A í sama svefnherbergi, vaknaði við árásina og fór að gráta. Af háttsemi ákærða hlaut A tvo marbletti á hægri upphandlegg og D tvo marbletti á sitt hvorum upphandlegg.

A.VII.

Með því að hafa, á tímabilinu 2016 til 13. febrúar 2019, ítrekað, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð A, beitt hana viðvarandi andlegu ofbeldi, öskrað á hana, gert lítið úr henni, talað niður til hennar, vantreyst henni, hótað sjálfsvígi til að hræða hana og með þeirri háttsemi ógnað heilsu hennar og velferð, allt með þeim afleiðingum að A óttaðist um líf og velferð sína og barna sinna auk þess sem A glímdi við sjálfsvígshugsanir.

Auk þegar greindra afleiðinga segir í ákæru að sökum háttsemi ákærða samkvæmt ákærulið A., sbr. undirliðir A.I. til A.VII., hafi A þjást af kvíða og lágu sjálfsmati, hún óttast ákærða, glímt við langvarandi og viðvarandi sjálfsvígshugsanir og oft læst sig inni á baðherbergi með hníf, allt til skilnaðar þeirra 13. febrúar 2019.

Er greind háttsemi aðallega talin varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til vara er háttsemi ákærða samkvæmt A.I. og A.V. talin varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, háttsemi samkvæmt A.II. við 1. mgr. 217. gr., 233. gr. og 233. gr. b almennra hegningarlaga, háttsemi samkvæmt A.III. við 1. mgr. 217. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga, háttsemi samkvæmt A.IV. við 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga og háttsemi samkvæmt A.VI. við 1. mgr. 217. gr. og 233. gr. b almennra hegningarlaga.

B. Brot gegn B.

Fyrir stórfelld brot í nánu sambandi og barnaverndarlagabrot gagnvart B syni sínum, framin á árunum 2014 til 2020, með því að hafa ítrekað, endurtekið og á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð B með líkamlegu og andlegu ofbeldi og með þeirri háttsemi ítrekað misþyrmt og misboðið drengnum þannig að líkamlegri og andlegri heilsu hans var hætta búin, sýnt af sér vanvirðandi háttsemi, ruddalegt og ósiðlegt athæfi gagnvart honum, móðgað hann og sært, m.a. sem hér greinir:

B.I.

Með því að hafa á ofangreindu tímabili ítrekað, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð B með því að beita hann ítrekuðu og margendurteknu líkamlegu ofbeldi á heimili sínu, m.a. með því að kýla B í maga og handlegg, slá hann í höfuðið, sparka í fótlegg hans og rass, slá hann í rassinn með belt, grípa um háls hans, þrýsta olnboga í handlegg og síðu hans, kreista hönd hans og toga í og snúa upp á eyru hans.

B.II.

Með því að hafa á sama tímabili ítrekað, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð B með því að beita hann viðvarandi andlegu ofbeldi, öskrað á hann, gert lítið úr honum, talað niður til hans og talað til hans með niðrandi hætti.

B.III.

Með því að hafa á sama tímabili ítrekað, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð B með því að beita A móður hans og C systur hans andlegu og líkamlegu ofbeldi á heimili þeirra í viðurvist drengsins.

Segir í ákæru að afleiðingar af háttsemi ákærða samkvæmt ákærulið B., sbr. undirliðir B.I. til B.III., hafi m.a. verið þær að B var hræddur við ákærða föður sinn. Er greind háttsemi talin varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og 98. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

C. Brot gegn C.

Fyrir stórfelld brot í nánu sambandi og barnaverndarlagabrot gagnvart C dóttur sinni, framin á árunum 2014 til 2020, með því að hafa ítrekað, endurtekið og á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð C með

líkamlegu og andlegu ofbeldi og með þeirri háttsemi ítrekað misþyrmt og misboðið stúlkunni þannig að líkamlegri og andlegri heilsu hennar var hætta búin, sýnt af sér vanvirðandi háttsemi, ruddalegt og ósiðlegt athæfi gagnvart henni, móðgað hana og sært, m.a. sem hér greinir:

C.I.

Með því að hafa á ofangreindu tímabili ítrekað, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð C með því að beita hana ítrekuðu og margendurteknu líkamlegu ofbeldi á heimili sínu, m.a. með því að slá hana í bak og rass, grípa um háls hennar, kreista hönd hennar og toga í og snúa upp á eyru hennar.

C.II.

Með því að hafa á sama tímabili ítrekað, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð C með því að beita hana viðvarandi andlegu ofbeldi, öskrað á hana og talað til hennar með niðrandi hætti.

C.III.

Með því að hafa á sama tímabili ítrekað, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð C með því að beita ,A móður hennar, B bróður hennar og D ömmu hennar andlegu og líkamlegu ofbeldi á heimili þeirra í viðurvist stúlkunnar.

Segir í ákæru að afleiðingar af háttsemi ákærða samkvæmt ákærulið C., sbr. undirliðir C.I. til C.III., hafi m.a. verið þær að C var hrædd við ákærða föður sinn. Er greind háttsemi talin varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og 98. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga.

Ákærvaldið krefst þess að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Í ákæru eru teknar upp einkaréttarkröfur brotaþolanna A, kt. [...], B, kt. [...] og C, kt. [...]. Endanlegar dómkröfur brotaþola eru þessar:

A.

A krefst þess að ákærði verði dæmdur til að greiða henni 4.000.000 króna miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. janúar 2019 til 1. nóvember 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu réttargæsluþóknunar Ásgeirs Jónssonar lögmanns.

B.

Þá krefst A þess f.h. ólögráða sonar síns B að ákærði verði dæmdur til að greiða drengnum 2.500.000 króna miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 15. desember 2017 til 1. nóvember 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu réttargæsluþóknunar Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns.

C.

Loks krefst A þess f.h. ólögráða dóttur sinnar C að ákærði verði dæmdur til að greiða stúlkunni 2.000.000 króna miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 15. desember 2017 til 1. nóvember 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu réttargæsluþóknunar Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns.

Ákærði neitar sök í málinu, krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins og að framlögðum bótakröfum verði vísað frá dómi en að því frágengnu verði hann dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og bætur stórlega lækkaðar. Þá verði sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda.

Almennt um hagi ákærða og A.

Ákærði og A kynntust í [...] 2005, gengu í hjónaband og fluttu sama ár til Íslands. Þau eignuðust soninn B [...] og dótturina C [...]. Verður hér eftir vísað til brotapolanna þriggja í sömu röð og þeir tilgreindir sem brotapoli A, brotapoli B og brotapoli C. Þegar mál þetta kom upp í janúar 2013 voru ákærði og brotapoli A atvinnulaus og bjó fjölskyldan í íbúð [...], [...]. Þar bjuggu brotapolar 5. febrúar sama ár þegar sýslumaður, að kröfu brotapola A, veitti henni lögskilnað við ákærða á grundvelli 40. gr., sbr. 2. mgr. 41. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Ákærði flutti um svipað leyti lögheimili sitt að [...]. Eftir því sem næst verður komist tóku ákærði og brotapoli A aftur saman í maí-júní 2013, fluttu 1. maí 2014 í sameiginlegt húsnæði að [...], gengu aftur í hjúskap 23. ágúst 2016, slitu samvistir 24. janúar 2019 og 13. febrúar sama ár veitti sýslumaður brotapola aftur lögskilnað á grundvelli 40. gr., sbr. 2. mgr. 41. gr. hjúskaparlaga.

Almennt um sakarefni samkvæmt A. kafla ákæru.

Ákærða er í þessum kafla gefið að sök stórfelld brot í nánu sambandi gagnvart brotapola A, annars vegar á tímabilinu frá ágúst 2012 til 11. mars 2013 (ákæruliðir A.I.

til A.IV.) og hins vegar á tímabilinu frá 1. maí 2014 til 13. febrúar 2019 (ákæruliðir A.V. til A.VII.). Þar sem þannig er um tvö aðskilin tímabil að ræða samkvæmt ákæru verður umfjöllun dómsins hagað með sama hætti og fyrst tekin til skoðunar meint brot ákærða á fyrra tímabilinu samkvæmt ákæruliðum A.I. til A.IV.

Síðastgreindir ákæruliðir lúta að meintum brotum ákærða í ágúst 2012 (A.I., sbr. mál lögreglu nr. [...]), 9. janúar 2013 (A.II., sbr. mál lögreglu nr. [...]), 1. febrúar 2013 (A.III., sbr. mál lögreglu nr. [...]) og 7.-11. mars 2013 (A.IV., sbr. mál lögreglu nr. [...]).

I. - Rannsókn meintra brota samkvæmt ákæruliðum A.I. og A.II.

1.

Samkvæmt dagbók lögreglu komu ákærði og brotþoli A á lögreglustöð föstudaginn 11. janúar 2013 í kjölfar alvarlegs rifrildis 9. janúar. Var haft eftir brotþola að hún þyldi ekki lengur að ákærði legði á hana hendur og beitti hana andlegu ofbeldi. Því til staðfestingar beraði hún marbletti sem hún sagði af völdum ákærða. Daginn eftir mætti brotþoli ein á lögreglustöð, kvaðst vilja kæra ákærða fyrir langvarandi andlegt og líkamlegt ofbeldi og sagðist eiga farsímaupptökur af hótunum hans. Teknar voru myndir af áverkum brotþola og sýna þær augljósan marblett á vinstri upphandlegg, rétt ofan við olnboga.

2.

Brotþoli gaf kæruskýrslu 15. janúar 2013. Hún kvað ákærða tvívegis hafa lagt á hana hendur, annars vegar í ágúst 2012 og hins vegar 9. janúar. Þess utan hefði hann beitt hana andlegu ofbeldi í um tvö ár og hún af þeim sökum byrjað að taka lyf gegn þunglyndi. Nefndi brotþoli að hún hafi hrökklast út af heimilinu í mars-apríl 2012 vegna andlegs ofbeldis ákærða og það falist í því að hann talaði niðrandi til hennar og kallaði hana ljótum nöfnum, s.s. hóru og gólftusku. Hún hafi á þeim tíma ekki þolað meira, þurft tíma til að byggja sig upp, því leitað á náðir Kvennaathvarfsins og dvalið þar í tvær nætur.

Brotþoli lýsti atvikinu í ágúst 2012 nánar svo að ákærði hafi verið fullur og reiður, staðið fyrir framan hana í dyragætt með hurðarjárnnum án hurðar, tekið hana kverkatakí með báðum höndum, hún brugðist við með því að sparka í ákærða og hann þá sparkað fótleggjunum undan henni svo hún féll í gólfið. Taldi brotþoli að hún hafi í fallinu rekist utan í hurðarjárn og við það hlotið áverka ofarlega á vinstri handlegg. Í framhaldi hafi hún farið á sjúkrahúsið í [...], læknir tekið mynd af áverkanum með farsíma brotþola og ráðlagt henni að kæra. (Brotþoli sýndi yfirheyranda umrædda

mynd og kvaðst myndu senda til lögreglu.) Hún kvaðst hafa farið á lögreglustöð, tilkynnt um atvikið og óskað eftir að það yrði bókað en ekki viljað leggja fram kæru (mál lögreglu nr. [...], dags. 11.08.2012).

Brotapoli lýsti atvikinu 9. janúar nánar svo að ákærði hafi verið fullur og kallað hana ljótum nöfnum. Hún hafi svo verið stödd í hjónaherbergi þegar ákærði kom þangað, tók um handleggi hennar, ýtti henni ofan á hjónarúmið, keyrði hnakka hennar ofan í rúmið, tók fingrum um kjálka hennar og kreisti svo fast að hún kenndi til í kjálkum og tönnum í neðri góm. Jafnframt hafi ákærði hóttað því að berja hana uns tennur hennar brotnuðu og blæða færi úr munni, sagst hata hana og hóttað að drepa hana. Hún kvað þetta ástand hafa staðið í um tvær klukkustundir, frá um kl. 02-04, hann á þeim tíma ætt inn og út úr hjónaherberginu og margítrekað gert þetta sama á hlut hennar. Þess utan hafi hann í þrígang sest klovvega yfir hana í rúminu, haldið höndum hennar, hóttað að berja hana, reitt hnefa hægri handar á loft eins og hann ætlaði að kýla hana en hætt þegar hnefinn var rétt við eyra hennar. Daginn eftir hafi hún farið í Kvennaathvarfið, dvalið þar tvær nætur með börnin og leitað á bráðamóttöku LSH í Reykjavík. Brotapoli árétttaði að hún ætti hljóðupptöku af hótunum ákærða, þó aðeins stutt brot, því ákærði hefði slökkt á upptökunni. Hún kvaðst myndu koma upptökunni til lögreglu.

3.

Ákærði var yfirheyrður 1. febrúar 2013. Hann kvað vandamál og átök milli sín og brotþola hafa byrjað fyrir um ári síðan og sambandið farið versnandi. Þau rífast oft vegna peningavandamála og ætti brotþoli oft upptökin. Þegar þetta gerist tali brotþoli niður til hans og tali illa um fjölskyldu hans og það geri hann reiðan. Í þeirri stöðu viðhafi hann ljót orð og hjálpi þar ekki ef hann er ölvaður.

Aðspurður um meint ofbeldi gagnvart brotþola í ágúst 2012 kvaðst ákærði ekki muna eftir hvað þá gerðist. Í framhaldi var honum kynnt frásögn brotþola um að hann hefði tekið um háls hennar og sparkað í fætur hennar og sagði hann þetta ekki hafa gerst svona. Hið rétta væri að brotþoli hefði slegið hann í höfuðið og sparkað í hann, hann þá tekið í fót hennar, hún við það dottið og rekið höndina í hurðarlöm.

Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður 9. janúar sl. og ekki muna nákvæmlega hvað gerðist í samskiptum hans og brotþola en árétttaði að hún reitti hann oft til reiði með niðrandi tali og þá viðhafi hann ljót orð. Hann kvaðst greint sinn hafa tekið í brotþola og haldið henni, ýtt henni ofan á hjónarúm og tekið utan um kjálka hennar svo hún fann til. Hann kvaðst þó ekki muna nákvæmlega hvernig þetta gerðist og sagðist oft verða svo

reiður að hann réði ekki við sig. Ákærði kvað rangt að hann hafi hótað að berja hana uns tennur hennar brotnuðu en sagðist oft hugsa um að meiða hana og hann stundum hótað henni án þess að meina það. Aðspurður hvort rétt væri að hann hafi greint sinn hótad að drepa brotþola kvaðst ákærði ekki muna nákvæmlega hvað hann sagði. Í framhaldi játti ákærði rétt að hann hafi sest ofan á hana í hjónaherberginu, sagst myndu berja hana og reitt hnefa á loft en látið staðar numið með hnefann við höfuð hennar.

4.

Í þágu rannsóknar málsins aflaði lögregla áverkavottorða vegna brotþola. Segir í læknisvottorði E að gögn úr sjúkraskrá sýni að brotþoli hafi leitað til [...] 11. ágúst 2012 og greint frá langvarandi heimilisofbeldi. Eiginmaður hafi síðast lagt á hana hendur nýliðna nótt og m.a. tekið hana kyrkingartaki. Við skoðun hafi greinst 3x3 cm roði/mar á vinstri upphandlegg og 1x1 cm kúla á hvirfli.

Samkvæmt vottorði F læknis kom brotþoli á bráðamóttöku LSH 10. janúar 2013 til skoðunar vegna líkamsárásar sem hún kvaðst hafa orðið fyrir daginn áður þegar eiginmaður réðist á hana, hélt henni, sneri upp á handlegg hennar og fleygði henni til og sagði hún ofbeldið hafa staðið í um tvær klukkustundir. Við skoðun hafi sést mar mjög víða á vinstri griplim; um 6x4 cm mar ofan og aftan við vinstri olnboga og mar við tvíhöfðavöðva, 2x2 cm mar framan á vinstri upphandlegg og á framhandlegg mar um 3 cm í þvermál. Þá hafi verið mar á vinstra handarbaki og um 8x4 cm þykkildi rétt ofan við úlnlið. Við skoðun á hægri griplim hafi greinst 3x3 cm mar aftanvert á upphandlegg og um 4x4 cm mar við úlnlið. Þess utan hafi brotþoli verið mjög aum í vöðvum yfir öxlum og yfir hálsvöðvum upp í hnakkafestum og hún greind með tognun í öxlum og tognun og ofreynslu á háls hrygg.

Þann 1. mars 2013 fékk lögregla [...] túlk til að hlýða á upptökur sem borist höfðu frá brotþola. Að sögn túlksins hafi þar karl og kona rætt saman og hann talað til hennar á niðrandi máta án þess að í þeim orðum fælust beinar eða óbeinar hótanir.

II. - Rannsókn meints brots samkvæmt ákærulið A.III.

1.

Samkvæmt dagbók lögreglu kom brotþoli A á lögreglustöð föstudaginn 1. febrúar 2013 og tilkynnti að ákærði hefði nóttina áður ráðist á hana, hrint henni í gólfið svo hún meiddi sig á hægri olnboga og hrint henni á stofuborð þannig að hún marðist á hægra læri.

Brotapoli gaf formlega kæruskýrslu sama dag. Hún kvaðst hafa verið heima með ákærða, þau verið að drekka og allt verið gott á milli þeirra uns hún færði í tal að hún vildi að þau flyttu í sundur. Í framhaldi hafi ákærði tekið farsíma hennar og sagst eiga hann því hann hefði borgað fyrir hann, ákærði síðan farið inn í eldhús og sótt sér búrhníf, sagst ætla að drepa sig og farið út. Hann hafi svo snúið til baka og gengið frá hnífnum, brotapolí sest í sófa í stofunni, ákærði staðið fyrir framan hana og hrist sófann til. Þegar brotapolí ætlaði síðan að standa á fætur hafi ákærði hrint henni svo hún féll á stofuborð með hægra læri og hlaut af því marblett. Í þeirri stöðu hafi hún klætt sig í úlpu og sagst ætla til lögreglunar. Ákærði hafi þá staðið fyrir útidyrum, hún reynt að komast framhjá honum og hann þá ýtt með báðum lófum í axlir hennar svo hún hrökklaðist frá og ákærði svo ýtt henni með sama hætti aftur á bak inn í svefnherbergi þeirra. Þar hafi ákærði hrint henni á fataskáp, hún staðið á fætur, ákærði í framhaldi slegið hana margsinnis utanundir, notað til þess báða lófa og högginn komið í kinnar hennar. Jafnframt hafi hann hrint henni aftur á gólfið, hún lent á hægri úlnlið og fyndi þar mikið til. Ákærði hafi svo tekið í úlpu hennar við axlir, lyft henni frá gólfinu, hent henni í hjónarúmið, sest klöfvega yfir hana, tekið báðum höndum um höfuð hennar og ítrekað ýtt því niður í rúmdýnuna. Líkt og áður hefði ákærði í þeirri stöðu einnig reitt hnefa á loft eins og hann ætlaði að kýla hana en hætt áður en höndin snerti höfuð hennar. Brotapolí kvaðst ekki viss hvernig fjaraði undan atlögu ákærða en í framhaldi hafi hún þóst vera sofnuð og ákærði þá farið að sofa. Hún kvað ákærða hafa verið búinn að drekka sex 500 ml bjóra og hann verið undir áhrifum áfengis. Sjálf hefði hún drukkið eina rauðvínslösku, á löngum tíma og ekki fundið til áfengisáhrifa. Brotapolí kvaðst vera hrædd við ákærða, óttast hvað hann gæti gert henni og þáði boð um að honum yrði gert að sæta brottvísun af heimili og nálgunarbanni.

2.

Við yfirheyrslur 1. febrúar greindi ákærði frá því að þau hefðu kvöldið áður verið að drekka og horfa á bíómynd í sjónvarpinu. Hann hefði drukkið 4-5 bjóra og fundið á sér og hún eina rauðvínslösku. Hann kvaðst ekki vita af hverju þau fóru að rífast, sagði brotapolá hafa talað illa um fjölskyldu hans og gert lítið úr henni, hann reiðst og sjálfur sagt margt ljótt við hana. Þau hafi svo verið að ýta hvort öðru, hún slegið hann og hann þá ýtt á mótí með þeim afleiðingum að hún féll á stofuborðið og meiddi sig á fæti. Ákærði kvað rétt að hann hefði svo meinað henni för út úr íbúðinni og bar því við að hann hefði viljað tala við hana. Ákærði kvað einnig rétt að hann hefði ýtt brotapolá þannig að hún féll á fataskápin og datt á rassinn. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega hvernig þetta

gerðist, kvaðst í framhaldi hafa lyft henni upp af gólfinu og minnti að hann hefði hjálpað henni að leggjast fyrir í rúminu og hann beðist afsökunar. Í framhaldi þvertók ákærði fyrir að hafa hrint henni á rúmið, sest ofan á hana og slegið hana. Ákærði játti rétt að hann hefði tekið farsímamann af brotaþola, kvaðst hafa gert það af því að hann hefði borgað fyrir hann og hún getað hringt úr öðrum sínum á heimilinu ef hún hefði viljað það.

3.

Sama dag tók lögreglustjóri ákvörðun um brottvísun ákærða af heimilinu til 1. mars 2013 og nálgunarbann gagnvart brotaþola A til 1. ágúst 2013. Var sú ákvörðun birt ákærða að viðstöddum verjanda og túlki kl. 19:47. Þá var í þágu málsrannsóknar aflað áverkavottorðs vegna brotaþola. Segir í læknisvottorði G að gögn úr sjúkraskrá sýni að brotaþoli hafi leitað til [...] 1. febrúar 2013 og að hún hafi áður orðið fyrir ofbeldi af hálfu maka. Umrætt sinn hafi brotaþoli greint frá árás mannsins nýliðna nótt. Við skoðun hafi greinst nýr 1x1 marblettur lófamegin á hægri úlnlið og þéttur bólgupoki inn í lófann og yfir grunnlið þumalfingurs. Þess utan hafi brotaþoli verið með verkjastreng í framhandlegg. Á hægri læri sáust tveir marblettir, sá efri um 1x3 cm á ofanverðu læri og sá neðri og stærri um 6x3 cm aftan til á lærinu, rétt ofan við hnésbót. Segir í vottorðinu að greindir áverkar séu nýtilkomnir og samrýmist vel frásögn brotaþola um líkamsárás.

III. - Rannsókn meintra brota samkvæmt ákærulið A.IV.

1.

Samkvæmt frumskýrsla lögreglumanns H tilkynnti brotaþoli laugardaginn 9. mars 2013 að ákærði væri staddur á heimili hennar að [...]. Segir í skýrslunni að sami lögreglumaður hafi farið á vettvang við annan mann, þeir hitt ákærða í stigagangi umrædds fjöleignarhúss og hann gengist greiðlega við því að hafa verið að brjóta gegn nálgunarbanni. Hann kvaðst hafa farið að húsinu og gengið inn um ólæstar dyr á íbúð brotaþola og tveggja barna þeirra til að kveðja börnin þar sem hann væri á leið til [...] og vissi ekki hve lengi hann yrði í burtu. Tekin var formlega skýrsla af ákærða 11. mars. Hann gekkst við sama nálgunarbannsbroti, kvaðst áður hafa verið á heimili brotaþola til að passa börnin og gist þar á meðan brotaþoli fór út að skemmta sér. Hann sagði allt hafa verið gott þeirra í milli, þau saman með börnin, hann að beiðni brotaþola hjálpað henni við bílakaup og þau stundað kynlíf saman; allt án þess að hún væri að hlaupa með það til lögreglu. Ákærði kannaðist við hafa í einhver skipti hringt í brotaþola eftir birtingu ákvörðunar um nálgunarbann og taldi þetta hafa verið um 5-10 símhringingar.

2.

Brotapoli gaf skýrslu hjá lögreglu sama dag. Hún kvað ákærða oft hafa haft samband eftir 1. febrúar, beðið hana að koma aftur til hans, hún leyft honum að hitta börnin og hann þannig ítrekað komið á heimili þeirra með hennar samþykki. Hún kvaðst hafa gert þetta þrátt fyrir gildandi nálgunarbann, enda væri hún „svo góð í sér“ og þekkti fáa aðra en ákærða hér á landi. Í framhaldi greindi brotapolí frá því að hún hafi verið með gesti laugardaginn 9. mars þegar ákærði hafi knúið dyra og dóttir þeirra hleypt honum inn. Brotapolí hafi ekki kært sig um þetta og kvatt lögreglu á staðinn. Ákærði hafi svo hringt daginn eftir, spurt hvort hann mætti skutla börnunum í skóla á mánudeginum og hún samþykkt það. Þann dag hafi ákærði komið á heimilið, farið að skoða gögn í farsíma hennar, í framhaldi stungið símanum í vasann og farið á brott með börnunum. Brotapolí kvað rétt að ákærði hafi eftir að nálgunarbann tók gildi ekið með hana á bílasölur, þau oft talað saman í síma og í eitt skipti stundað kynlíf saman; allt með vilja og samþykki hennar.

3.

Samkvæmt rannsóknargögnum máls hringdi ákærði 29 sinnum úr farsímanúmeri sínu í farsímanúmer brotapola á tímabilinu 7.-11. mars 2013 og var lengd símtalanna frá 3 sekúndum upp í tæplega 18 mínútur. Á sama tímabili hringdi brotapolí 8 sinnum í ákærða og var lengd símtala frá 0 sekúndum upp í tæplega 2 mínútur.

IV. - Lyktir rannsókna vegna ákæruliða A.I. til A.IV.

Þann 31. maí 2013 felldi lögreglustjóri úr gildi nálgunarbann á hendur ákærða og var sú ákvörðun tekin að beiðni brotapola A. Ákvörðun þessi var birt fyrir brotapola 31. maí og fyrir ákærða 3. júní.

Þann 21. júní 2013 kom brotapolí síðan á lögreglustöð og kvaðst vilja draga til baka kærur á hendur ákærða í málum nr. [...], [...] og [...]. Var í framhaldi tekin skýrsla af brotapola og áréttaði hún framangreinda ósk. Hún kvað ákærða hafa farið til [...], dvalið þar í nær þrjá mánuði, notið geðlæknis- og sálfræðimeðferðar, væri snúinn til baka, breyttur og bættur maður og þau tekin saman á ný. Sambandið gengi mun betur og börnin væru mjög hamingjusöm. Hún og ákærði hefðu endurskoðað áfengisneyslu sína, drykkju bara í hófi og ætli að leita sér ráðgjafar um önnur mál.

Þann 25. júní 2013 sendi lögreglustjóri skýrslu brotaþola til ríkissaksóknara og má af því bréfi ráða að ríkissaksóknara hefðu áður borist önnur rannsóknargögn til ákvörðunar um saksókn.

Með bréfi ríkissaksóknara 16. júlí 2013 var tilkynnt að ekki þætti grundvöllur til að halda rannsókn málanna áfram og væri rannsókn því hætt með vísan til 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Segir í bréfinu að málin hafi verið rannsökuð með hliðsjón af 1. mgr. 217. gr., 233. gr., 1. mgr. 226. gr. og 1. mgr. 232. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þann 24. mars 2021 tilkynnti Lögreglustjórinn á Suðurnesjum ákærða og brotaþola að hann hefði „tekið þá ákvörðun að taka upp rannsókn í ofangreindum málum þar sem ný sakargögn hafa komið fram“.

V. - Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

1.

Fyrir dómi neitaði ákærði sök samkvæmt ákæruliðum A.I. til A.IV., kvaðst að öðru leyti ekki vilja tjá sig um sakarefni máls og vísaði um sömu ákæruliði til framburðar síns hjá lögreglu.

2.

Brotaþoli A bar fyrir dómi að daglegt líf með ákærða hafi verið óskemmtilegt, hann niðurlægt hana frá upphafi sambands þeirra og hún fyrst fært skilnað í tal við hann á árinu 2012. Ástandið hafi þá verið þannig að hún og börnin voru sífellt hrædd um í hvernig skapi hann yrði þegar hann vaknaði á morgnanna og þau tiplað á tánnum í kringum hann. Ákærði hafi verið farinn að drekka mikið, verið sífellt reiður, oft komið til rifrildis milli þeirra og hann gert sér far um að niðurlægja hana þegar hann var drukkin.

Brotaþoli greindi frá atviki þegar ákærði hafi hrint henni í hjónarúm, slegið hana í höfuðið, spurt hvort hún væri hrædd og sagst ætla að drepa hana. Hún kvað hann einnig hafa hrint henni á hurð, lyft henni upp og reynt að kyrkja hana. Þá hefði hann í eitt skipti sparkað fótum undan henni svo hún datt á dyrakarm og hlaut marblett. Hún kvaðst hafa leitað á náðir Kvennaathvarfsins og kært ákærða til lögreglu, hann þá lofað bót og betrun en allt farið í sama farið aftur.

Brotaþoli lýsti síðasta atvikinu fyrir skilnað þeirra í febrúar 2013 þannig að ákærði hefði öskrað á hana, hrint henni í gólfið og á glerborð og hún við þetta hlotið

marbletti. Í kjölfarið hafi hún ætlað til lögreglu en ákærði meinað henni för, ýtt henni inn í hjónaherbergi, hrint henni þar á hjónarúmið og gefið henni kinnhest.

Brotapoli kvaðst ekki muna nákvæmar eftir framangreindum atvikum en áréttaði að ákærði hefði oft lagt á hana hendur. Bornar voru undir brotþola atvikalýsingar í ákæruliðum A.I til A.III. og kvað hún þær dagsetningar passa við áðurgreinda frásögn.

Brotapoli kvaðst hafa verið létt yfir nálgunarbanni ákærða 1. febrúar 2013 og fegin að vera skilin við hann en á sama tíma verið orðin þunglynd og mikið í rúminu. Hún hafi reynt að fá D móður sína til að koma frá [...] til að hjálpa en D verið föst í vinnu. Þess utan hafi brotþola vantað peninga fyrir leikskólagjöldum og frístund, hún enga þekkt á Íslandi, ákærði verið með bílinn þeirra og brotþoli af þessum sökum orðið að nálgast ákærða aftur. Ákærði hafi svo farið með hana á bílasölur og hjálpað henni að kaupa bíl, hann í eitt skipti komið heim til hennar og þau haft samfarir, þau hringst á í síma, m.a. rætt um að byrja saman aftur og hún verið að biðja hann um peninga. Þá hafi ákærði í eitt skipti komið heim til hennar þegar hún var með gesti, hann þá viljað hitta börnin og brotþola grunað að hann væri drukkinn.

3.

D móðir brotþola A bar fyrir dómi að brotþoli hafi verið full sjálfstrausts á sínum yngri árum, spilað á hljóðfæri, getið sér gott orð sem söngkona og stundað háskólanám. Eftir að hún giftist ákærða 2005 og þau fluttu til Íslands hafi sjálfstraust hennar hrunið, sjálfsálit þorrið og hún í staðinn fyllst minnimáttarkennd. D kvaðst fyrst hafa heimsótt hjónin í kringum fæðingu B [...], aftur í kringum fæðingu C [...] og þá dvalið í u.þ.b. mánuð. Þess utan hafi hún komið í styttri heimsóknir. Hún kvaðst hafa tekið eftir því að ákærði væri harkalegur við B og henni fundist hann koma illa fram við drenginn. D kvaðst frá 2012 hafa vitað að ákærði beitti brotþola andlegu og líkamlegu ofbeldi, nefndi í því sambandi að brotþoli hefði oft hringt grátandi í D, greint frá slíku og sent henni myndir af marblettum á líkama sínum. D kvaðst hafa flutt til Íslands 2016 og búið inni á heimili ákærða og brotþola. Verður nánar vikið að þeim framburði síðar.

4.

Auk framangreindra vitna komu fyrir dóm í þessum þætti lögreglumaður I, sem staðfesti aðkomu sína að rannsókn málanna og skýrslugerð henni tengdri og J ráðgjafi hjá Kvænnaathvarfinu, sem staðfesti að brotþoli hafi komið í fjögur viðtöl í athvarfið á árinu 2012; dagana 21. og 30. maí og 4. og 25. júní, hún í öll skiptin greint frá líkamlegu

og andlegu ofbeldi af hálfu ákærða og þegið dvöl í athvarfinu fyrir sig og börnin frá 4.-6. júní.

VI. - Niðurstöður um ákærulið A., sbr. undirliðir A.I. til A.IV.

1.

Málið var endurupptekið 14. febrúar 2022 á grundvelli 159. gr., sbr. og 168. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og sakflytjendum gefinn kostur á að tjá sig um mögulega frávísun ákæruliða A.I. til A.IV. án kröfu. Taldi ákærvaldið engin slík rök fyrir hendi en verjandi ákærða tók undir áhyggjur dómsins og taldi að vísa bæri nefndum ákæruliðum frá dómi.

2.

Eins og rakið er í IV. kafla að framan tilkynnti ríkissaksóknari með bréfi 16. júlí 2013 að ekki þætti grundvöllur til að halda áfram rannsókn lögreglumála á hendur ákærða nr. [...], [...] og [...] og væri rannsókn því hætt með vísan til 52. gr. laga nr. 88/2008. Þótt ekki komi það skýrt fram í bréfinu er einsætt að sú ákvörðun hafi stuðst við ákvæði 4. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 57. gr. laganna og þá ósk brotþola að fallið yrði frá saksókn á hendur ákærða vegna sömu mála. Liðu síðan tæp átta ár þar til Lögreglustjórinn á Suðurnesjum tilkynnti ákærða og brotþola 24. mars 2021 að hann hefði „tekið þá ákvörðun að taka upp rannsókn í ofangreindum málum þar sem ný sakargögn hafa komið fram“. Ákvörðun þessi var ekki studd lagarökum en hlýtur að byggja á 3. mgr. 57. gr. sömu laga. Samkvæmt þeirri lagagrein má ekki taka rannsókn upp á ný gegn sakborningi nema ný sakargögn séu fram komin eða líklegt sé að þau komi fram. Við endurupptöku málsins staðfesti ákærvaldið að lögregla hafi ekkert aðhafst frekar í rannsókn ofangreindra þriggja mála á tímabilinu frá 24. mars til 30. júní 2021 þá er ákæra var gefin út. Jafnframt kom fram í máli ákærvaldsins að orðin „ný sakargögn“ í bréfi lögreglustjóra væru tilvísun til þeirra rannsóknargagna sem leiddu til ákæru samkvæmt undirliðum A.V. til A.VII. ákæru og ákæruliðum B. og C.

Þegar ákærða barst í hendur bréf ríkissaksóknara 16. júlí 2013 mátti hann standa í þeirri trú að lögreglumál nr. [...], [...] og [...] heyrðu sögunni til. Styðja ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 þá ályktun. Þótt ákvæði 3. mgr. 57. gr. laga nr. 88/2008 girði ekki fyrir að mál verði síðar endurupptekin af ákærvaldsins hálfu er það fortakslausu skilyrði sett að fram séu komin ný sakargögn á hendur ákærða sem réttlæti slíka ákvörðun eða líklegt sé að þau komi fram. Í máli þessu liggur fyrir að engin ný

sakargögn hafa borist í lögreglumálunum þremur og að frá endurupptöku þeirra 24. mars 2021 hafi ekkert verið hreyft við rannsókn málanna fram að því að ákæra var gefin út á hendur ákærða. Það eitt að ákærði sé grunaður um önnur og seinni brot gegn fyrrum eiginkonu sinni getur undir engum kringumstæðum skýrt endurupptöku mála sem felld voru niður 2013 og réttlætt þá ákvörðun að höfða nú mál á hendur ákærða fyrir þau meintu brot.

Samkvæmt öllu framansögðu og með hliðsjón af hæstaréttardómi nr. 673/2014 er óhjákvæmilegt annað en að vísa frá dómi án kröfu ákæru á hendur ákærða fyrir meint brot gegn brotþola A á tímabilinu frá 1. ágúst 2012 til 11. mars 2013, svo sem þeim er lýst í ákærulið A, sbr. undirliðir A.I. til A.IV.

VII. - Rannsókn annarra meintra brota samkvæmt ákæru.

1.

Eftir stendur það sakarefni samkvæmt ákærulið A. að ákærði hafi á tímabilinu frá 1. maí 2014 til 13. febrúar 2019 gerst sekur um stórfelld brot í nánu sambandi gagnvart brotþola A, svo sem nánar er lýst í undirliðum A.V. til A.VII. og hvort ákærði hafi á tímabilinu 2014-2020 brotið gegn brotþolum B og C með þeim hætti sem lýst er í ákæruliðum B. og C. Verða sömu ákæruliðir og ákærutímabil nú tekin til skoðunar.

2.

Í málinu liggur fyrir tölvupóstur barnaverndar [...] til lögreglu 13. maí 2014 þar sem spurst er fyrir um framgang rannsóknar á hendur ákærða vegna gruns um brot gegn tveimur börnum hans, brotþolum B og C og vísað til kæru barnaverndar 29. október 2013. Segir í póstinum að brotþoli B hafi greint frá því að ákærði lemdi hann og systur hans með belt og að drengurinn væri augljóslega mjög hræddur við föður sinn. Spunnust út af þessu bréfaskipti sem lauk með tilkynningu Lögreglustjórans á Suðurnesjum til barnaverndar og brotþola A 12. júní 2014 um að rannsókn máls nr. [...] vegna meints ofbeldis ákærða gegn brotþolum B og C á árinu 2013 hafi verið hætt á grundvelli 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þar sem ekki teldist grundvöllur fyrir frekari rannsókn. Í kjölfar þessa ákvað barnavernd á meðferðarfundi 5. ágúst 2014 að loka barnaverndarmáli vegna brotþola B og C. Í fundarbókun kemur fram að foreldrar barnanna, ákærði og brotþoli A, hafi þvertekið fyrir að börnin sættu heimilisofbeldi og væri ekki talin ástæða til frekari afskipta.

3.

Þann 1. desember 2014 veitti brotapolí A barnavernd heimild til að afla gagna um hagi brotapóla B og C. Liggja fyrir í því sambandi dagnótur barnaverndar. Í þeim kemur fram að brotapolí C hafi sagt frá því í leikskóla sínum í nóvember 2014 að ákærði verði oft reiður, að hann og brotapolí A rífast heima, að stúlkan hafi hlotið litla rispu í andlitið af völdum ákærða og að hann rassskelli hana stundum. Í viðræðum við brotapolá A þann 1. desember kom fram að ákærði hefði sýnt henni ofbeldi um tveimur árum áður og hún skilið við hann en þau síðan tekið saman aftur um sex mánuðum síðar, ákærði eftir það sýnt minna ofbeldi en áður og væri það núna meira andlegt. Hún sagði að ákærði væri góður maður, sýni oft hve vænt honum þyki um hana og segi fallega hluti við hana en svo geti skap hans breyst á augabragði. Ákærði væri að leggja sig fram og væri hættur að beita líkamlegu ofbeldi. Einnig kom fram hjá brotapolá að sonur hennar, brotapolí B, væri mikill tölvufíkill. Í viðræðum við brotapolá B þann 9. desember kom fram að ákærði væri stundum góður, yrði stundum reiður, hefði áður rassskellt brotapolá en væri nú hættur því. Þá fengi brotapolí stundum skammir frá D móðurömmu sinni. Í kjölfar þessarar könnunar lokaði barnavernd að nýju máli vegna barnanna.

4.

Í október 2015 beindi barnavernd fyrirspurn til skóla brotapolá B um líðan hans og hagi. Í svarbréfi skólans 21. október segir að drengnum líði ekki vel, verði hræddur þegar hafa þarf samband heim til hans og óttist að honum verði refsað af föður. Drengnum sé vel sinnt varðandi heimanám, klæðnað og nesti, mæti alltaf á réttum tíma og gangi ágætlega í námi. Hann tengist þó öðrum krökkum lítið, virðist oft mjög þreyttur og eigi til að skríða eftir gólfinu og gefa frá sér undarleg hljóð til að kalla á athygli.

5.

Í dagnótu barnaverndar 4. janúar 2016 er greint frá viðtali við brotapolá A og haft eftir henni að staðan á heimilinu væri góð; ákærði orðinn mun rólegri og umburðarlyndari gagnvart börnum þeirra. Hafi hér orðið mikil breyting síðasta árið; ákærði væri hættur að beita hörku og ofbeldi gagnvart henni og börnunum og þyrftu þau ekki á aðstoð barnaverndar að halda í þeim efnun. Einnig kom fram að D móðir brotapolá A byggi nú hjá þeim og að í því fælist mikil hjálp; amman létti mjög undir og við það hefði skapast betra jafnvægi á heimilinu. Ákærði og brotapolí A gengu í hjónaband að nýju 23. ágúst 2016 og 24. nóvember lokaði barnavernd máli vegna brotapolá B og C með vísan til þess að könnun hefði ekki leitt í ljós misfellur í aðbúnaði barnanna.

6.

Þann 15. maí 2017 barst barnavernd tilkynning um að brotþoli B hefði sést marinn á handlegg í íþróttatíma í skólanum og greint frá því að ákærði hefði lamið hann. Daginn eftir ákvað barnavernd að hefja könnun máls að nýju og tilkynnti það til foreldra drengsins 31. maí. Í viðræðum við brotþola B þann dag greindi hann frá því að ákærði hefði kýlt hann í maga, hendur og fætur og einnig beitt hann ofbeldi með belti. Drengurinn kvaðst stundum verða hræddur við ákærða en allt væri gott núna og ákærði ekkert gert á hlut hans síðustu 2-3 vikur. Daginn eftir var rætt við brotþola A. Hún studdi frásögn sonar síns og sagði ákærða þurfa hjálp því hann kynni ekki annað en að beita andlegu og líkamlegu ofbeldi. Er meðal annars haft eftir brotþola að þegar ákærði komi heim úr vinnu leggi hann leið sína inn í herbergi brotþola B til að úthúða drengnum og vera vondur við hann. Ákærði brjótí drenginn endalaust niður; tali niður til hans, kalli hann illum nöfnum og segi að hann sé ekkert og kunni ekkert. Sjálf gæti hún núna staðið uppi í hárinu á ákærða og því væri hann hættur að beita hana ofbeldi. Fram kom í máli brotþola að hún og börnin væru hrædd við ákærða. Hún sagði móður sína og brotþola C þegar vera farnar til [...], að hún og brotþoli B færu þangað 26. júní og yrðu þar til 20. ágúst. Ákærði yrði þannig einn eftir hér á landi sumarið 2017.

Samkvæmt dagnótum barnaverndar 9.-13. júní 2017 reyndist lögreglu erfitt að fá brotþola A til að mæta til skýrslugjafar og gæti lögregla lítið aðhafst þegar konan neitaði að gefa skýrslu. Þá léki grunur á að brotþoli A segði ekki allan sannleikann í málinu, m.a. um að D móðir hennar væri þegar farin til [...] með brotþola C og hafi brotþoli A svo staðfest 9. júní að D væri ófarin með brotþola B til [...]. Þegar til kom hafi drengurinn haldið til [...] með ákærða.

Áður lagði barnavernd fram kæru 7. júní 2017 og krafðist lögreglurannsóknar á meintu líkamlegu og andlegu ofbeldi ákærða gegn brotþola B. Hófst þannig rannsókn máls [...], sem er grundvöllur ákæru samkvæmt ákærulið A., sbr. undirliðir A.V. til A.VII. og ákæruliðum B. og C.

Þriðjudaginn 13. júní var brotþoli A kvödd til skýrslugjafar á lögreglustöð. Hún færðist undan skýrslugjöf, sagði ákærða hafa verið góðan við son sinn um nýliðna helgi og þeir haldið saman til [...] að kvöldi 12. júní.

7.

Næst gerðist það 31. október 2017 að starfsmenn barnaverndar sóttu brotþola B heim í skóla. Í viðræðum þann dag kvað drengurinn ákærða nýlega hafa lamið hann þar sem drengurinn lá í rúmi sínu, jafnframt því sem hann gat um fyrra andlegt og líkamlegt

ofbeldi í sinn garð og gagnvart móður og systur, án þess að fram kæmi hvenær slíkt hefði átt sér stað. Í ljósi þessa var rætt við ákærða 6. nóvember og kvaðst hann þá fyrst vera að átta sig á alvöru málsins og því hve slæmur hann hafi verið. Hann kvaðst reiðubúinn að fara á reiðistjórnunarnámskeið og sækja sér hverja þá aðra hjálp sem hann þyrfti til að bæta ráð sitt. Í framhaldi samþykkti ákærði 15. nóvember að flytja út af heimili fjölskyldunnar í einn mánuð á meðan barnaverndaryfirvöld ynnu að frekari úrræðum í þágu fjölskyldunnar. Í kjölfarið krafðist barnavernd þess 21. nóvember að hafin yrði lögreglurannsókn á meintum brotum ákærða gegn brotþola C.

Samkvæmt vottorði J ráðgjafa hjá Kvænnaathvarfinu, sem hún staðfesti fyrir dómi, dvöldu brotþolar A, B og C í Kvænnaathvarfinu 3.-5. nóvember og greindi brotþoli A frá því að ákærði beitti hana og börnin andlegu og líkamlegu ofbeldi.

Þann 11. desember fóru starfsmenn barnaverndar í heimsókn til brotþola A. Hún kvað ákærða hafa breyst mikið eftir að hann flutti tímabundið út af heimilinu; nú léki hann meira við börnin og væri góður við þau. Hún hafi þó áhyggjur af því að þetta geti breyst þegar hann flytji aftur heim. Aðspurð hvort hún væri sátt við þá ráðagerð kvaðst brotþoli nú treysta sér til að standa á eigin fótum, hún væri ekki lengur fjárhagslega háð ákærða, þyrfti í raun ekki lengur á honum að halda og væri tilbúin að segja honum þetta núna svo hann gæti farið eitthvað annað ef hann gæti ekki tekið þeim fréttum. Fyrir liggur að ákærði flutti aftur heim 15. desember 2017 og samþykkti sama dag meðferðaráætlun barnaverndar samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

8.

Brotþolar B og C gáfu skýrslur fyrir dómi í Barnahúsi 15. desember 2017; hann þá 11 ára og hún tæpra 8 ára. Brotþoli B greindi frá því að D móðuramma hans byggji á heimilinu og föðurforeldrar hans byggju í kjallara hússins. Brotþoli kvaðst ekki vilja nafngreina skólafélaga sína því þeir ættu ekki að vita um þetta og sagðist sjálfur vita að hann væri kominn í Barnahús af því að „þið vilduð tala um pabba minn og allt þannig“. Áður en sú skýrslugjöf hófst var engin tilraun gerð til að kynna fyrir drengnum að honum væri óskyldt að tjá sig um föður sinn, ákærða í málinu. Brotþoli bar að ákærði hafi verið reiður, ekki haft stjórn á því og stundum meitt þau systkin. Þau hafi svo farið á hótél í tvo daga (líklega Kvænnaathvarfið), ákærði verið breyttur þegar þau komu aftur heim og væri nú bara góður og ekkert að meiða. Brotþoli kvaðst minna að hann hafi verið 9-10 ára þegar ákærði byrjaði að vera vondur við hann. Hann kvaðst hafa sagt kennaranum sínum frá þessu, sagði versta tilvikið þegar ákærði kýldi hann í magann „og það var

frekar langan tíma síðan“. Aðspurður um undanfara þess ofbeldis kvað brotþoli foreldra sína hafa verið að rífast og öskra og þau reið út í hvort annað. Brotþoli hafi verið að spila í tölvu en verið farinn fram yfir leyfðan spilatíma þegar ákærði kom inn í herbergi hans og lét hann slökkva á tölvunni. Drengurinn hafi svo verið kominn í rúmið þegar ákærði kýldi hann í magann, þó ekki fast og það ekki verið „eiginlega það vont“. Hann kvaðst hafa verið 10 ára þegar þetta gerðist. Aðspurður um marblett sem hann hefði sést með í skólanum kvaðst brotþoli hafa hlotið marblettinn sama dag og ákærði kýldi hann í magann. Hann kvað ákærða síðast hafa meitt hann eftir að hann varð 11 ára og það hafi verið fyrir um tveimur vikum síðan, áður en þau fóru á hótelið. Ákærði hafi þá kýlt hann í magann en brotþoli kvaðst ekki muna nánar eftir því atviki. Þess utan hefði ákærði slegið hann í rassinn með beltí, sparkað í fótlegg hans og stjakað við höfði hans svo hann datt í mjúkt rúmið sitt. Aðspurður kvaðst brotþoli ekki hafa hugmynd um hve oft ákærði hefði gert eitthvað á hans hlut, sagði „það er erfitt að telja bara þessi öll saman, plús ég man ekki öll“ og bætti svo við að tilvikin væru „örugglega miklu meira en svona hundrað sko ... kringum þúsund sko“. Aðspurður hvort brotþoli hafi séð ákærða meiða systur hans, brotþola C, kvaðst hann bara hafa séð ákærða kýla hana frekar laust í bakið og tvívegis slá hana laust í rassinn með beltí af því hann var mjög reiður út í hana. Sjálfur kvaðst brotþoli hafa verið hræddur þegar ákærði meiddi hann og sér liðið illa. Ákærði hafi einnig margoft sagt ljót orð við brotþola á pólsku, sem hann vildi ekki hafa eftir í Barnahúsi.

9.

Áður en skýrslugjöf brotþola C hófst var engin tilraun gerð til að kynna fyrir stúlkunni að henni væri óskýlt að tjá sig um föður sinn, ákærða í málinu. Hún greindi frá því að hjá fjölskyldunni byggi móðuramma hennar og að föðurforeldrar hennar byggju í kjallara hússins. Hún kvaðst nýlega hafa verið á hóteli (líklega Kvennaathvarfið) og saknað þess að hafa ekki pabba sinn þar. Þau hafi sagt konunum frá því að pabbi væri svona þínu að meiða, þau síðan farið aftur heim og þá hafi pabbi hennar verið allt í einu breyttur og ekki að meiða. Aðspurð hvernig ákærði hefði meitt hana sagði stúlkan að það hafi verið „á hinu árinu en ekki á þessu“. Hann væri hættur á þessu ári því móðir hennar, brotþoli A, væri alltaf að bjarga þeim. Stúlkan var enn spurð hvernig ákærði meiddi hana og spurði þá á móti „veistu hvernig amma mín meiðir mig stundum?“ og bætti við að þegar hún væri þínu óþekk tæki amma hennar í eyrað á henni og togaði og það væri þínu vont. Enn var stúlkan spurð hvernig ákærði meiddi hana „þarna á árinu þegar hann

meiddi þig, hvað gerði pabbi þá við þig?“ Í kjölfar þessa sagði stúlkan að hann lemdi hana stundum í bossann með annarri hendi og stundum gerði hann hið sama og amma hennar með eyrað. Þá verði ákærði stundum reiður en gerði ekki annað og meira á hennar hlut. Nánar spurð kvað stúlkan ákærða hafa togað í eyra hennar „í eitthvað þrjú skipti“ og skellt á bossann hennar í „eitthvað tíu“. Hún kvaðst ekki muna hvernig henni leið á meðan en kannski orðið þínu hrædd. Aðspurð hvort hún hafi orðið vitni að ofbeldi ákærða gagnvart öðru heimilisfólki greindi hún frá því að fyrir tveimur árum síðan hafi bróðir hennar, brotápoli B, orðið svo hræddur við ákærða að hann skreið undir borð í eldhúsinu, ákærði verið rosalega reiður, tekið í andlit bróður hennar, hann farið að gráta og pabbi hennar beðist fyrirgefningar. Hún kvaðst ekki muna eftir öðru sem ákærði hefði gert á hlut bróður hennar en sagði ákærða stundum verða reiðan þegar þau systkin væru óþekk og bróðir hennar kannski stundum allt of lengi í tölvunni.

10.

Næst gerðist það 18. febrúar 2018 að brotápoli A og D móðir hennar leituðu til [...] og öfluðu áverkavottorða. Í vottorði K lækni er haft eftir brotápoli að eiginmaður hennar hafi lagt á hana hendur níu dögum áður. Við skoðun hafi brotápoli greinst með tvo 5x5 cm marbletti á hægri upphandlegg og hafi útlit áverkanna samrýmst frásögn brotápoli um hvenær til þeirra stofnaðist. Brotápoli hafi aðeins viljað fá þetta skráð og sagst ekki ætla að kæra að svo stöddu. Í vottorði L lækni er haft eftir D að ákærða hefði gripið um upphandleggi hennar, hrist hana til og hent henni á vegg og greindist hún með marbletti á báðum handleggjum.

Samkvæmt dagnótu barnaverndar 28. febrúar kom brotápoli A í viðtal þann dag og greindi frá tveggja vikna gömlu atviki þegar ákærði hefði veist að henni og D tengdamóður sinni og hrist þær til þannig að sá á handleggjum brotápoli. Hún kvaðst vera búin að ákveða að skilja við ákærða og eiga tíma hjá sýslumanni 7. mars. Hún kvaðst vinna til miðnættis til að þurfa ekki að eiga við ákærða heima fyrir; hann væri alltaf að senda henni sms skilaboð, gréti og reyni að telja henni hughvarf og hóti því að ef hún skilji við hann muni hann bera út hversu vond manneskja hún væri. Þá hafi ákærði sagst aldrei myndu fara af heimilinu og hann nokkrum vikum áður, þá fullur, hótað að henda D í sjóinn og drepa hana. Ákærði hafi hins vegar verið góður við brotápoli B, en brotápoli hefði þó áhyggjur af því hvaða áhrif fyrra ofbeldi geti haft á drenginn, sem hiki nú ekki sjálfur við að lemja systur sína og fyndist ekkert athugavert við það.

Samkvæmt dagnótu barnaverndar 7. mars kom brotþoli A til viðtals og greindi frá því að sýslumaður vildi ekki veita henni skilnað við ákærða á meðan þau byggju á sama heimili.

Fyrir liggur samtímavottorð M sálfræðings 4. mars 2018, sem hún staðfesti fyrir dómi, um að brotþoli A hafi sótt fimm viðtöl hjá henni í ársbyrjun 2018 og brotþoli greint frá heimilisaðstæðum. Teldi M ljóst að brotþoli hafi í nokkurn tíma búið við ofbeldi á heimili sínu, aðallega af andlegum toga. Að sögn brotþola hafi ákærði sýnt mikla viðleitni til betri hegðunar undanfarnar vikur og sé brýnt að fjölskyldan, ekki síst sonur brotþola, fái áframhaldandi sérfræðiaðstoð.

11.

Þann 29. maí 2018 gaf brotþoli A lögregluskýrslu vegna meints ofbeldis ákærða gagnvart brotþolum B og C. Hún sagði að auk þeirra fjögurra hafi D móðir hennar búið á heimilinu síðan í október 2016 en væri á leið heim til [...] 31. maí. Þá byggju foreldrar ákærða í kjallara hússins. Aðspurð um meint ofbeldi gagnvart börnum sínum sagði brotþoli að það væri löng saga; foreldrar ákærðu hefðu komið eins fram við hann í æsku og hann lært af þeim að vera harður við börn sín og nota harkaleg orð. Ákærði hafi þó sótt sér hjálp og sé að reyna að vera góður; hann vanti bara hjálp. Hún lýsti því nánar að ákærði hrósaði aldrei syni sínum, brotþola B, heldu bryti hann niður. Hún kvaðst hafa heyrt frá móður sinni að ákærði hefði gripið í handleggji sonar síns inni í stofu, skammað hann og valdið marblettum á handleggjum og hafi ástæðan verið sú að drengurinn burstaði ekki tennur sínar. Brotþoli kvaðst sjálf aldrei hafa séð ákærða beita börnin líkamlegu ofbeldi en stundum hafa kíkt inn í herbergi til sonar síns þegar ákærði væri þar inni og drengurinn þá verið grátandi. Drengurinn sé mikill tölvufíkill og þegar ákærði hóti að taka tölvuna af honum fari drengurinn að gráta. Þess utan hafi hún heyrt til ákærða skamma son þeirra og grípi í taumana þegar hann brýtur drenginn niður, s.s. ef ákærði segi við drenginn, sem sé feitlaginn og fari lítið út úr húsi, „sjá þig, þú ert með brjóst eins og stelpurnar“ eða „þú vilt bara éta og spila, éttu meira og allir fara bara að hlæja að þér“. Brotþoli kvaðst ekki óttast um brotþola C, sem væri hávær og taldi að í henni myndi heyrast ef ákærði gerði eitthvað á hennar hlut. Hún kvaðst vita til þess að ákærði hafi hrætt son þeirra með belt en ekki séð hann beita því á drenginn. Drengurinn hafi hins vegar sagt henni að ákærði hefði tvívegis rekið olnboga sinn í hann til að ýta við honum. Þá hafi D sagst hafa séð ákærða lemja drenginn í höfuðið. D sé mest heima og hún sjái allt sem þar fer fram. Brotþoli kvaðst ekki muna hve gamall sonur hennar var þegar

ákærði byrjaði að veitast að honum, en þau hafi alltaf verið að rífast um börnin og hve harkalegur ákærði væri við drenginn, ekki þó lemja hann eða systur hans, en gæfi þeim ekki ást og væri þess í stað alltaf að kvarta og röfla. Hún kvað ákærða yfirleitt hafa verið góðan við hana eftir að þau tóku saman á ný en gat þó um nýlegt atvik þegar ákærði var drukkinn, tuskaði hana og tengdamóður sína til og olli þeim báðum marblettum. Hún kvaðst ekki geta leitað til tengdforeldra sinna um hjálp; ekki væri gott samband þar á milli, þau hefðu lítið álit á henni, segðu við börnin að pabbi þeirra væri góður og það væri bara hún sem væri reið.

12.

Samkvæmt lögregluskýrslu 20. september 2018 var þann dag rætt við brotþola A og aflað fréttu af högum fjölskyldunnar. Fram kom að foreldrar ákærða væru fluttir í [...], brotþolar B og C dvalið í [...] í um þrjá mánuði, hún og ákærði sótt þau þangað 19. ágúst og fjölskyldan komið aftur heim 22. ágúst. Hún sagði allt hafa gengið vel í sumar og ekkert komið upp á; ákærði væri virkilega að passa sig og halda aftur af skapi sínu en þó væri hún alltaf á varðbergi gagnvart honum.

Samkvæmt dagnótu barnaverndar 27. september var þann dag rætt við brotþola B í skóla. Hann lét vel af sér í skólanum, kvaðst nú æfa Crossfit, vel gengi með samskipti við ákærða og hann hættur að leggja hendur á brotþola, sem liði vel og væri ekki lengur hræddur í kringum hann. Þá væri ákærði góður við brotþola A og brotþola C.

Samkvæmt dagnótum barnaverndar 9., 13., 16. og 19. nóvember 2018 virðist hafa vaknað grunur um ný ofbeldisbrot ákærða gagnvart syni sínum og ákærði m.a. tekið hann hálstaki. Drengurinn sagði þetta ekki rétt, en gat um annað áður lýst ofbeldi án þess að fram kæmi hvort um ný tilvik væri að ræða af sama toga. Í viðtali 16. nóvember þrætti ákærði fyrir ný ofbeldistilvik, kvaðst hafa sótt sér viðtalsaðstoð, vilja fá að sanna sig gagnvart fjölskyldunni og helst ekki þurfa að flytja aftur tímabundið út af heimilinu. Í viðtali við hann og brotþola A þann 19. nóvember hafi þau sagt að helgin hafi verið góð og þau rætt þann möguleika að kaupa eða leigja aðra íbúð sem ákærði gæti búið í án þess að þau ræddu strax um skilnað.

13.

Samkvæmt dagnótu barnaverndar 11. janúar 2019 greindi brotþoli A frá því að þau væru enn að spá í íbúð fyrir ákærða, sem glímdi við þunglyndi. Hann segðist elska þau mikið einn daginn, væri þá ótrúlega góður og umhyggjusamur, en væri svo afundinn næsta dag, tryði því að hún væri að halda framhjá og yrði reiður og þá væri ómögulegt

að tala við hann. Í viðtali 17. janúar kvaðst brotaþoli vera búin að átta sig á því að ákærði væri ekki sá breytti maður sem hún hefði haldið og að nú vildi hún skilja við hann. Hún ætli að senda börnin til D ömmu sinnar í [...] og hafa þau þar fram á sumar, flytja sjálf í herbergi á hóteli [...] og sækja í kjölfarið um skilnað. Í viðtali við brotaþola 23. janúar kom fram að ákærði hefði samþykkt að hún keypti hlut hans í húsi þeirra að [...], að hann væri sama dag á leið til [...] og myndi flytja inn til móður sinnar í [...] þegar hann sneri til baka.

14.

Að ósk barnaverndar voru brotaþolar B og C kvaddir öðru sinni til skýrslugjafar fyrir dómi í Barnahúsi 24. janúar 2019; hann þá 12 ára og hún 9 ára. Eins og við fyrri skýrslugjöf barnanna fyrir dómi var ekki minnst orði á að þeim væri óskýlt að tjá sig um meint framferði föður síns, ákærða í málinu.

Brotaþoli B kvaðst verja miklum tíma í tölvu og spila tölvuleiki við vini sína. Hann kvaðst vita af hverju hann væri mættur aftur í Barnahús, þ.e. „út af þabba mínum“. Ákærði og móðir brotaþola væru aðeins að stríða hvort öðru og það ekki farið á besta veg. Brotaþoli skýrði þetta nánar þannig að þegar ákærði væri búinn að drekka endi það stundum í rifrildi eða slagsmálum nema þegar hann færi bara að sofa. Þegar hitt gerist, þá segi ákærði „eitthvað random shit“ við brotaþola A, sem hann svo viti ekki einu sinni um, þau öskri á hvort annað og noti stundum hendurnar og bara eitthvað það. Þegar foreldrar hans rífast segi þau honum og systur hans að fara upp í rúm og því sjái brotaþoli sjaldan hvað gerist nánar í samskiptum foreldranna.

Aðspurður um framkomu ákærða við brotaþola bar hann að ákærði öskraði stundum á hann, lemdi hann með höndum, tæki í eyra hans og sneri upp á það og „ekkert eiginlega annað“. Drengurinn kvað eitthvað smávægilegt hafa gerst fyrir nokkrum dögum og einnig fyrir um viku þegar ákærði hafi verið að drekka vodka og þau hin farið og gist á hóteli móður hans. Aðspurður hvort eitthvað hafi gerst á meðan brotaþoli var í tölvunni sinni kvaðst drengurinn eiginlega ekki muna það, „það er vandamálið“. Ákærði kæmi ekki lengur inn í herbergi brotaþola og lemdi hann fyrir að vera of mikið í tölvunni en tæki stundum í eyra hans, reiður í bragði og spyrði hvort hann vissi ekki hvað klukkan væri. Þegar hér var komið kvaðst spyrillinn hafa heyrt „um eitthvað svona hálsinn“ og vildi heyra af því. Brotaþoli sagði það hafa gerst fyrir löngu síðan, „ekki á þessu ári, það var eiginlega á hinu árinu“ hann því muna lítið eftir umræddu atviki en sagði ákærða greint sinn hafa tekið hann hálstaki án þess að brotaþoli gæti greint nánar frá því. Hann

kvaðst stundum hafa orðið hræddur þegar ákærði reiddist og óttast að ákærði kæmi inn í herbergi til hans og lemdi hann eða eitthvað. Ákærði væri nú farinn af heimilinu og það væri gott því þá væru ekki lengur öskur og slagsmál milli foreldra hans.

Aðspurður um framferði ákærða gagnvart brotþola C kvaðst drengurinn fyrir löngu síðan hafa séð ákærða taka í hönd hennar og kreista fast og einnig toga í og snúa upp á eyra hennar.

15.

Brotþoli C kvaðst vita af hverju hún væri mætt aftur í Barnahús og greindi frá því að foreldrar hennar hafi mjög oft verið að öskra á hvort annað „og gera eitthvað vandmál þannig“. Þá hafi pabbi hennar „meitt okkur mörgum sinnum einhvern tímann, ég man ekki hvenær.“ Hann væri eiginlega hættur slíku, þó ekki alveg því ekki væri langt síðan „N“ (há barnavernd) kom heim til þeirra eftir að ákærði meiddi brotþola B svo hann fór að gráta. Stúlkan kvaðst hafa séð þetta og lýsti því þannig að ákærði hefði komið heim úr vinnu, stormað inn í herbergi bróður hennar, öskrað á hann og skammað fyrir of mikla tölvunotkun, tekið hann hálstaki og dregið hann fram að spegli á ganginum. Brotþoli greindi einnig frá atviki þegar hún var að gera mat úr dufti, pabbi hennar kom að og sagði ljót orð við hana svo hún fór að gráta. Hún kvað þetta hafa verið svo ljót orð að hún hvorki vildi né þyrði að hafa þau eftir í Barnahúsi, en nefndi síðar orðið „föck“. Aðspurð kvaðst brotþoli vera hrædd við pabba sinn en hann væri núna í [...] þannig að ekkert gerist. Hún sagði annað vandamál felast í því að ákærði lemdi móður hennar; hún hafi séð það tvisvar og ákærði annars vegar klipið hana og hins vegar meitt hana á einkastað á bringunni. Stúlkan sagði þau hafa komið sér upp [...] leyniorðinu „[...]“, sem þýði þrumur og eldingar og noti það sín á milli þegar ákærði byrji að meiða þau. Í lok skýrslugjafar var stúlkan byrjuð að geispa, kvaðst vera syfjuð og nefndi að ákærði hefði einhvern tíma kýlt hana og kyrkt hana, án þess að hún myndi nákvæmlega eftir því og kvað þetta hafa gerst á árinu 2017 þegar hún var að verða átta ára. Loks bætti stúlkan við að ákærði hefði meitt þau systkini og öskrað á þau frá því þau fæddust.

16.

Samkvæmt endurríti úr hjónaskilnaðarbók 13. febrúar 2019 mættu ákærði og brotþoli A þann dag til sýslumanns. Var bókuð krafa um lögskilnað vegna líkamsárásar og játning ákærða á þeirri sök. Sama dag gaf sýslumaður út lögskilnaðarleyfi.

17.

Í dagnótu barnaverndar 19. febrúar 2019 er haft eftir brotþola A að börnunum liði miklu betur eftir samvistaslitin og skilnað hennar við ákærða. Þá kemur fram í dagnótum 24. júní og 13. september að börnin hafi dvalið sumarlangt hjá D ömmu sinni í [...] og komið heim 7. september. Þá hefði ákærði farið til [...] og hitt börnin þar en væri væntanlegur til landsins í lok september.

18.

Ákærði var fyrst yfirheyrður vegna málsins 10. október 2019 og kynnt að málið varðaði meint brot gegnum börnum hans, brotþolum B og C. Hann lýsti samskiptum við fyrrum eiginkonu sína, brotþola A, á þann veg að samband þeirra hafi verið tiltölulega gott en þau átt til að rífast og öskra á hvort annað og hafi þeim skiptum fjölgað undir lok sambandsins. Þegar þetta gerðist hafi þau bæði verið undir áhrifum áfengis, hún í örfá skipti slegið hann í andlitið og hann þá tekið um axlir hennar og ýtt henni frá svo hún myndi ekki lemja hann meira. Hann hefði að öðru leyti ekki lagt hendur á hana.

Aðspurður um samskipti sín við brotþola B kvaðst ákærði hafa litið svo á að þeir feðgar hefðu náð nokkuð vel saman, í það minnsta seinast í hjónabandinu og sagðist hann aldrei hafa lagt hendur á son sinn. Þeir hafi þó tekist nokkrum sinnum á í gamni slag, boxi og svoleiðis en aldrei þannig að ákærði hefði meitt drenginn eða haft ásetning til þess. Þó hafi komið fyrir að ákærði tæki of fast í fót- eða handlegg drengsins og hann þá beðist afsökunar á því.

Aðspurður um samskipti sín við brotþola C kvaðst ákærði þau vera mjög góð og hann síðast hitt hana í gær. Hann kvaðst aldrei hafa lagt hendur á dóttur sína en stundum öskrað á hana og sagði slíkt koma fyrir þegar maður væri búinn að endurtaka sama hlutinn við börn. Aðspurður um viðurlög við óhlýðni barnanna kvaðst ákærði hafa notað gegn syni sínum að hann fengi ekki að vera í tölvunni og kannski tekið farsíma af dóttur sinni ef hún héldi ekki herbergi sínu hreinu og fínu.

Ákærða var kynnt að samkvæmt öðrum gögnum málsins hefði hann beitt bæði börn sín andlegu og líkamlegu ofbeldi. Hann kvaðst engan veginn geta samþykkt það og þrætti fyrir allt sem síðan var á hann borið, m.a. að hafa kýlt brotþola B í maga og fætur, slegið hann í andlitið, tekið hann hálstaki eða meitt hann með öðrum hætti, móðgað hann og líkt honum við stelpur með brjóst, talað niður til hans með öðrum hætti og/eða reiðst honum fyrir að bursta ekki tennur. Ákærði þrætti einnig fyrir að hafa tekið í og snúið upp á eyru barna sinna eða slegið dóttur sína í bakið eða meitt hana á annan hátt. Þá kvaðst

hann ekki kannast við að börnin hafi verið hrædd við hann eða þurft að óttast hann á nokkurn hátt.

Ákærða var kynnt frásögn brotþola A að hann hefði „í febrúar“ lamið hana og D móður hennar þegar hún reyndi að koma brotþola til hjálpar. Ákærði svaraði því til að akkúrat í þetta skipti hefði brotþoli verið að lemja hann, hann því tekið um axlir hennar og D þá blandað sér í málið með því að lemja hann einnig. Ákærði hafi þá leitt D inn í annað herbergi og sagt henni að þetta væri ekki hennar mál. Hann kvaðst ekki vita hvort þær mæðgur hafi hlotið marbletti í þessum átökum.

19.

Brotþoli A gaf skýrslu hjá lögreglu 13. desember 2019 og var kynnt að rannsókn málsins lyti að meintum brotum ákærða gegn henni og börnum þeirra, brotþolum B og C. Brotþoli kvaðst hafa tekið aftur saman við ákærða eftir skilnaðinn í febrúar 2013, hún fengið vinnu á [...], þau keypt sér hús 2014 og gengið í hjónaband að nýju. Hún hafi svo tekið við stöðu [...] 2015 eða 2016, eftir það unnið mjög langa vinnudaga og því leitast eftir að D móðir hennar flytti til þeirra svo brotþoli þyrfti ekki að hafa áhyggjur af börnunum í umsjá ákærða, sér í lagi ef hann væri að drekka of mikið. Hún gat um eitt skipti þegar hún kom heim úr vinnu og var að elda, fór svo inn í stofu, sá feðgana sitja saman í sófa og soninn vera að gráta í hljóði, hugsanlega eftir olnbogaskot frá ákærða. Þess utan hefði ákærði nokkrum sinum kýlt drenginn í magann út af því að hann burstaði ekki tennur sínar. Brotþoli kvaðst þó ekki hafa orðið vitni að þessu. Hún kvað ákærða ekki hafa verið jafn vondan við dóttur þeirra, hann samt ekki verið góður pabbi en látið hana í friði.

Brotþoli greindi frá því að eitt sumarið, annað hvort 2017 eða 2018, þegar hún var búin að senda börnin með mömmu hennar til [...] hafi ákærði gefið henni kinnhest og hún hlotið roða í andliti. Þess utan hafi ákærði daglega sýnt henni andlegt ofbeldi, þó ekki alltaf því stundum hafi hann verið góður við hana og börnin.

Þá greindi brotþoli frá atviki í febrúar 2018 þegar ákærði hafi komið fullur heim, þau farið að rífast, hann kallað hana ljótum orðum eins og „hóru“, hún þá slegið hann laust í andlitið og fengið svo þungt högg á mótí að hún missti heyrnina um stund. Við þetta hafi hún öskrað, D móðir hennar komið fram úr sínu herbergi, ákærði veist að henni, hrist hana til og ýtt henni aftur inn í sitt herbergi. Dóttir þeirra hjóna hafi sofíð inni hjá ömmu sinni, vaknað við lætin og heyrt föður sinn hóta að drepa D og henda henni í

sjóinn. Að sögn brotaþola hafi hún og D leitað til læknis eftir þetta og fengið áverkavottorð. Í kjölfar þessa hafi D gefist upp á ástandinu og flutt aftur heim til [...].

Brotaþoli greindi nánar frá andlegu ofbeldi ákærða á þann veg að hann hafi iðulega kallað hana ljótum orðum, s.s. „hóra“, sagt að hún kynni ekki neitt, vissi ekki neitt, væri heimsk og ekki góð í starfi sínu sem [...].

Brotaþola var kynnt að hún hefði áður sagt ákærða hafa slegið hana tvisvar og svaraði því til „kannski meira en ég man bara ...“. Hún var beðin um að segja nánar frá þessum tveimur skiptum og henni sagt að þetta hafi verið sumarið 2017 og í febrúar 2018. Í framhaldi sagði brotaþoli „já, já, og svo einu sinni 2014 kannski, ... þá var fyrst amma mín heima hjá mér ... og amma mín kom, við vorum að rífast í miðja nótt og amma mín kom frá herberginu sínu og svo hann var, ég veit ekki ef hann lamdi mig en í alvöru hann, hann, hann lagt mig á gólfinu, bara þú veist til að ekki, til að stoppa, ég veit það ekki eða ég man amma mín sá ég var á gólfinu“. Brotaþoli var þá spurð hversu oft hún hafi leitað til læknis „þarna í febrúar 2018, hversu oft hefurðu farið til læknis út af ofbeldi frá [ákærða]?“ Því svaraði brotaþoli, „til læknis bara einu sinni, ... en þetta var 2012 ég var einu sinni hérna ... já, og einu sinni eða tvisvar sinnum bara að tilkynna“. Brotaþoli var enn spurð hvort hún hafi ekki farið einu sinni til læknis, í febrúar 2018 og svaraði „ég held það, ég man ekki, ég man ekki, ég man ekki núna“.

Brotaþola var kynnt atvik sem dóttir hennar hefði minnst á og lyti að því að ákærði hefði meitt brjóst hennar. Kvaðst brotaþoli ekki muna eftir því og bætti við „sko, það gerðist rosa mikið“; ákærði hefði niðurlægt hana, hún trúað að þetta væri sér að kenna og því myndi hún svo lítið.

Aðspurð hvernig staðan væri í dag þegar börnin hittu ákærða og hvort brotaþoli tryði því að hann væri ennþá vondur við börnin, svaraði hún „já“. Sonur hennar vildi ekki hitta ákærða og segði ákærða ennþá niðurlægja hann. Þá hefðu bæði börnin sagt að það hefði ekki verið gott í [...] síðastliðið sumar.

20.

Í málinu liggur fyrir vottorð O sálfræðings hjá forvarnar- og meðferðarteymi barna (FMBT) á [...], dagsett 23. desember 2019, en þangað var brotaþola B vísað til viðtalsmeðferðar til að greiða úr tilfinningalegum vandamálum tengdum ofbeldisfullum föður. Samkvæmt vottorðinu hitti O drenginn tvisvar í nóvember sama ár og gaf hann skýrt til kynna að hann vildi ekki ræða um samband sitt við ákærða, heldur fá að lifa sínu lífi án þess að hugsa of mikið um hið liðna. Þó kom fram að drengnum liði betur eftir að

móðir hans skildi við ákærða fyrir á árinu. Þegar brotapolí hafi hitt föður sinn fyrst eftir skilnaðinn hafi hann óttast að eitthvað slæmt myndi gerast en svo sé ekki lengur. Drengnum fyndist erfitt að segja nei við umgengni og gat þess að ákærði keypti dýra hluti fyrir hann þegar þeir hittust. Fyrir brotapolá voru lagðir skimunarlistar sem meta kvíða- og depurðareinkenni og uppfyllti drengurinn ekki slík viðmið. Hann vilji ekki rifja upp hvernig líðan hans hafi verið en þó telji O ljóst að drengurinn hafi upplifað vanlíðan í sambandi sínu við ákærða. Brotapolí telji hins vegar að ef hann ræði ekki um þetta þá muni hann hætta að hugsa um fortíðina.

Eins liggur fyrir vottorð P sálfræðings hjá FMBT, dagsett 1. febrúar 2020, en þangað var brotapolá C vísað til viðtalsmeðferðar vegna erfiðleika tengdum skilnaði foreldra og heimilisofbeldi. Samkvæmt vottorðinu hitti P stúlkuna tvisvar síðla árs 2019. Stúlkán hafi borið um einhver tilvik þegar ákærði hefði slegið móður hennar, tekið bróður hennar hálstaki nokkrum sinnum og meitt hann og hótáð ömmu hennar lífláti. Þá hafi stúlkán greint frá erfiðum samskiptum foreldra á meðan þau bjuggu saman, og tíðum rifrildum og öskrum á heimilinu. Ákærði hafi einnig veist að brotapolá og eitthvað meitt hana án þess að stúlkán gæti greint frá afmörkuðu tilviki. Hún sé að reyna að gleyma þessu og meira en ár síðan ákærði hefði meitt hana síðast. Stúlkán kvaðst hafa verið í umgengni hjá ákærða eftir hjónaskilnað, hann keypt handa henni dýra hluti, hún sagst vilja hitta föður sinn áfram og sakna hans.

21.

D gaf lögregluskýrslur 16. og 27. desember 2019 og kvaðst reiðubúin að tjá sig þrátt fyrir að hafa verið tengdamóðir ákærða. D kvaðst snemma hafa tekið eftir því að ákærði væri agressívur, hann tekið lítinn þátt í umönnun ungs sonar síns þegar D kom í heimsóknir, hann verið orðljótur við konu sína og D fengið á tilfinninguna að eitthvað mikið væri að í þessari fjölskyldu. Þá hefði dóttir hennar oft hringt í hana grátandi, sagt frá endalausum rifrildum við ákærða og D lofað að þegar hún kæmist á eftirlaun myndi hún flytja til Íslands.

D kvaðst hafa hætt vinnu 16. september 2016, flutt til Íslands tveimur dögum síðar og strax í kjölfarið áttað sig á því að ástandið væri mun verra en hún hafði haldið; daglega hefðu verið einhverjar uppákomur. Dóttir hennar hafi unnið langa vinnudaga, iðulega komið seint heim og á meðan hafi D hugsað um börnin. Ákærði hafi komið heim um sexleytið og andrúmsloftið á heimilinu gjörbreyst við það. Brotapolí B hafi verið mikið í tölvu inni í herbergi sínu, ákærði alltaf farið rakleitt inn til hans og í stað þess að

gera eitthvað uppbyggilegt með syni sínum byrjað að skammast í honum og gagnrýna hann fyrir að vera alltaf í tölvunni. Þá hefði ákærði kannski eitthvað rifið í drenginn og rifið í hár hans, D þá gengið í milli og ákærði hreytt í hana ónotum, sagt henni að hunskast í burtu og kallað hana hóru og annað í þeim dúr. D bar að ákærði hafi svo í eitt skipti, 27. maí 2017, gripið í hana og hrint henni til svo af hlaust stór marblettur á fæti, D þá verið nóg boðið og hún farið aftur heim til [...].

„En hvað gerir maður, ég, ég gat ekki annað en hérna komið aftur.“ Það hafi svo verið einn daginn sem ákærði og brotaþoli B sátu í stofusófa, D fyrst haldið að þeir væru að ná sambandi en hún svo séð að drengurinn grét í hljóði, hann verið hræddur og ákærði gefið þá skýringu að drengurinn hefði gleymt að burstu tennurnar. Drengurinn hafi þarna verið með rauðan blett á annarri öxlinni, sem síðan varð að marbletti og sagði seinna að ákærði hefði slegið hann í öxlina. D kvaðst aldrei hafa séð ákærða slá son sinn, hvorki í öxl né maga, en drengurinn sagt henni frá því.

D kvað brotaþola C ekki hafa orðið fyrir viðlíka ofbeldi af hálfu ákærða en þó myndi D eftir einu atviki, líklega þegar stúlkan var átta ára og D hefði kíkt gegnum skráargat á baðherbergishurðinni, séð ákærða taka stúlkuna upp og slá hana. Þess utan hefði ákærði oft öskrað á dóttur sína og talað til hennar í miður fallegum tón.

D greindi frá því að þau hin hafi tekið upp á því að tipla á tánum á morgnanna svo ákærði myndi ekki vakna fyrr en brotaþolar væru við það að fara út og þegar það hefði ekki náðst hefði alltaf orðið eitthvað vesen. D greindi frá einu slíku tilviki þegar hún hefði verið inni á baðherbergi og heyrt dóttur sína segja „heyrðu, ekki kyrkja mig hérna svo börnin sjái“. D hefði svo frétt að ákærði hefði þarna tekið um háls konu sinnar og kýlt hana upp að vegg fyrir framan börnin.

Þá greindi D frá atviki 9. febrúar 2018 þegar ákærði hefði komið fullur heim, D verið inni í sínu herbergi og brotaþoli C sofandi hjá henni, D heyrð ákærða rífast við konu sína frammi, dóttir hennar komið inn og sagt ákærða hafa slegið hana í andlitið. Við þetta hafi D farið fram í stofu og sagt dóttur sinni að kæra atvikið til lögreglu, ákærði þá komið að, stokkið á D, ýtt henni aftur inn í herbergi og skellt henni þar upp að vegg. Við þetta hafi brotaþoli C vaknað og farið að gráta. D hafi þá áréttað við dóttur sína að hún ætti að tilkynna ákærða til lögreglu, hann þá veist aftur að D og hent henni inn í herbergið, kallað hana helvítis hóru og hóttað að drepa hana og kasta henni í sjóinn. Brotaþoli C hafi heyrt og séð allt sem á gekk og grátið enn meira en áður. D kvaðst ekki vita hvernig þetta hefði

endað ef foreldrar ákærða hefðu ekki vaknað við lætin, komið upp úr kjallarafbúð sinni og dregið hann í burtu.

22.

Þann 21. febrúar 2020 var brotapolí B kvaddur þriðja sinni til skýrslugjafar fyrir dómi í Barnahúsi. Vegna handvammur ákærvaldsins féll sú framburðarskýrsla milli þils og veggjar og er því ekki meðal framlagðra gagna í málinu.

23.

Í desember 2020 tók lögregla vitnaskýrslur af R fyrrum vinnufélaga ákærða, S og T kennurum brotþola B og þremur [...] einstaklingum, U, V og Y, sem höfðu leigt í kjallara húss ákærða og brotþola A að [...].

R kvaðst hafa unnið með ákærða 3-4 árum áður, eitt sinn sagt frá því í vinnunni að sonur hennar, með [...], hefði verið rosalega erfiður og ákærði þá sagt að hún yrði bara að rasskella hann og berja; þá myndi drengurinn hætta þessu.

S kvaðst hafa kennt brotþola frá 2014, hann sýnt óæskilega hegðun á köflum og greinilega upplifað mikla vanlíðan. Líðan drengsins hafi versnað veturinn 2015-2016, hann í eitt skipti verið með handarfar á bakinu, greint frá því að ákærði hefði verið að skamma hann og það yrði bara allt verra. Drengurinn hefði svo endurtekið þau orð þegar hann var í 7. bekk og brotnað niður við það tækifæri. S kvað brotþola fyrst og fremst hafa lýst öskrum, skömmum og miklu andlegu ofbeldi af hálfu ákærða, sem segði son sinn feitan og hvorki kunna né geta neitt.

T kvaðst hafa byrjað að kenna brotþola í 7. bekk, skólaárið 2018-2019, og þá vitað að drengurinn byggji við erfiðar heimilisaðstæður. Þegar dró að jólum hafi hún greint vanlíðan hjá drengnum, gengið á hann og hann sagt frá því að ákærði hefði gengið í skrokk á honum fyrir að hafa hellt niður vatni nálægt fjöltengi eða innstungu. Einnig hafi hann kvartað undan því að fá aldrei viðurkenningu og hrós frá föður sínum og finna enga hlýju frá honum. T bar að hún hafi skilið samtöl sín við drenginn svo að ákærði beitti aldrei systur hans ofbeldi og dekraði við hana en væri vondur við hann og móður hans og hefði meitt hann í einhver skipti.

U kvaðst hafa leigt hjá ákærða og brotþola A í skamman tíma síðla árs 2018 og stundum heyrt hávaða og læti berast að ofan þegar þau voru að rífast.

V og Y kváðust hafa leigt hjá ákærða og brotþola A frá ágúst 2018 til vors 2019 og oft heyrt rifrildi og háreysti berast að ofan en aldrei séð ákærða veitast að eiginkonu sinni.

VIII. - Framburður ákærða og vitna við aðalmeðferð máls.

1.

Ákærði neitaði alfarið sök samkvæmt ákæruliðum A.V. til A.VII. og ákæruliðum B og C, kvaðst að öðru leyti ekki vilja tjá sig um sakarefni máls og vísaði um sömu ákæruliði til framburðar síns hjá lögreglu.

2.

Brotapoli A bar fyrir dómi að daglegt líf með ákærða hafi verið óskemmtilegt, hann niðurlægt hana og ástandið verið orðið þannig fyrir hjónaskilnaðinn 2013 að hún og börnin voru sífelld hrædd um í hvernig skapi hann yrði þegar hann vaknaði og þau tiplað á tánnum í kringum hann. Ákærði hafi svo leitað sér hjálpar í [...], snúið aftur hingað til lands, lofað bót og betrun og þau ákveðið að reyna aftur að búa saman.

Brotapoli greindi frá því að á árunum 2014-2016 hafi verið pressa frá ákærða og foreldrum hans að þau gengju aftur í hjónaband, svo sem þau síðan gerðu í ágúst 2016. Brotapoli hafi þó ekki verið hamingjusöm og ákærði byrjaður að haga sér með þeim hætti sem hann áður gerði. Brotapoli hafi verið ráðin [...] 2015, þurft að vinna mikið og vera sterk út á við en heima fyrir hafi allt verið í molum, ákærði niðurlægt hana og brotið niður andlega, meðal annars með ummælum um að hún gæti ekki verið yfirmaður því hún væri svo vitlaus og annað í þeim dúr. Fór svo að brotapolí fékk D móður sína til að flytja til þeirra frá [...] í september 2016. Eftir það hafi D passað upp á börnin gagnvart ákærða.

Brotapoli greindi frá því að í kringum 2017 hafi hún verið kölluð til lögreglu eftir að sonur hennar, brotapolí B, sagði frá því í skólanum að ákærði beitti hann ofbeldi. Þá greindi hún frá atviki í lok maí 2017 þegar ákærði hefði rifist í henni og D móður hennar og stjakað svo harkalega við D að hún hlaut af marblett. Sökum þessa hafi D viljað snúa aftur heim og brotapolí keypt flugmiða fyrir hana. Brotapoli hafi svo sent börnin á eftir ömmu sinni og þau öll snúið til baka í september 2017.

Brotapoli greindi einnig frá tilviki þegar ákærði hefði rekið henni svo fastan kinnhest að hún varð rauð í framan. Sökum alls þessa hafi brotapolí byrjað að fagnað því þegar ákærði kom seint heim úr vinnu eða tók félagu sína með heim og þeir fóru að drekka í bílskúrnum. Þó hafi verið best þegar hann kom seint heim um nótt og hún gat verið sofnuð. Þá hefði hún sjálf ákveðið að vinna oft fram eftir svo ákærði væri sofnaður þegar hún kæmi heim. Brotapoli bar að hún og börnin hafi komið sér upp leyniorðinu „stormur“ og notað það sín á milli þegar í óefni stefndu með framkomu ákærða.

Brotapoli greindi frá atviki í febrúar 2018 þegar ákærði hefði komið fullur heim, hann kallað hana hóru og lauslætisdrós og hún slegið hann utanundir til að þagga niður í honum. Við þetta hafi ákærði rekið henni rokna kinnhest, hún misst heyrnina, dottið í sófa og farið að gráta, síðan farið inn í herbergi til D móður sinnar, þar sem brotapolí C svaf og sagt D frá því sem gerðist. D hafi viljað kalla til lögreglu, ákærði brjálást við það, tekið í D og hrist hana til og ýtt henni aftur inn í herbergi sitt. Jafnframt hafi hann viðhaft mjög ljót orð í garð D og hótað að henda henni í sjóinn. Brotapoli C hafi vaknað við þetta og farið að gráta, foreldrar ákærða einnig vaknað við lætin, þau komið upp úr kjallaranum og dregið hann í burtu. Brotapoli kvað uppákomur sem þessa hafa verið orðið nær daglegt brauð fyrir hana en Dekki viljað standa aðgerðarlaus hjá og drifið hana með sér í lækni skoðun. D hafi þó verið nóg boðið eftir greinda uppákomu, hún viljað fara aftur heim til [...] og ekki snúið aftur.

Brotapoli lýsti almennt heimilisástandinu á árinu 2018 þannig að hún og börnin hafi alltaf verið hrædd, hún í eitt skipti læst sig inni á baðherbergi eftir deilur við ákærða, hann þá sparkað í hurðina og brotið dyrakarminn. Þegar hún kom fram hafi hann öskrað á hana og tekið hana kyrkingartaki og hún svo náð að flýja á dyr. Brotapoli kvaðst minna að þetta hafi verið í desembermánuði og sagði börnin hafa verið að heiman. Þegar hér var komið hafi brotapolí verið búin að fá sig fullsadda af ákærða og hún ákveðið að skilja við hann. Þau hafi svo mætt hjá sýslumanni í febrúar 2019 og ákærði viðurkennt ofbeldi sem lögskilnaðargrundvöll.

Brotapoli kvaðst oft hafa læst sig inni á baðherbergi til að flýja ofbeldi af hálfu ákærða, hún þá tekið með sér hníf og oft hugsað um að taka sitt eigið líf en tilhugsunin um börnin í umsjá ákærða hafi stoppað hana af. Auk framangreinds hafi ákærði nokkrum sinnum tekið brotapoli hálstaki á árunum 2012-2019 án þess að hún myndi hve oft.

Brotapoli greindi nánar frá framkomu ákærða gagnvart brotapoli B á þann veg að ákærði hefði alltaf verið vondur við drenginn, gert sér far um að niðurlægja hann, t.d. sagt að hann væri feitur og með brjóst eins og stelpa, brotapolí iðulega reynt að verja drenginn og þá stofnast til illdeilna milli hennar og ákærða. Hún kvað ákærða oft hafa komið heim úr vinnu og lagt leið sína rակleitt inn til drengsins, bara til að búa til vandræði. Brotapoli C hafi sagt henni að í eitt skipti hafi stúlkan séð ákærða rífа drenginn frá tölvunni og lemja hann í höfuðið þannig að heyrnartól hans fuku af. Sjálf kvaðst brotapolí aldrei hafa séð ákærða leggja hendur á soninn, en drengurinn sagt henni frá því að ákærði hefði komið inn í herbergið, lyft honum upp og skallað hann, hent honum í

rúmið og kýlt hann í magann. Brotapoli kvað drenginn líka hafa verið hræddan sumarið 2019 þegar ákærði fór með börnin í frí til [...] og það verið alveg hræðilegt.

Um framkomu ákærða gagnvart brotþola C bar brotþoli að hann hafi ekki beitt stúlkuna miklu líkamlegu ofbeldi; það hafi aðallega verið andlegt. Hún hafi þó í eitt skipti séð ákærða lyfta stúlkunni upp og kasta henni í gólfið svo hún varð hrædd og brast í grát. Stúlkan hafi einnig sagt ákærða kalla hana ljótum nöfnum, eins og „fucking píku“ og hann alltaf verið að finna leiðir til að refsa henni og bróður hennar fyrir ómerkilegar sakir, s.s. tölvunotkun brotþola B. Þá hefði stúlkan sagt brotþola frá því að ákærði hefði í eitt skipti kyrkt bróður hennar og viljað drepa hann. Taldi brotþoli að þetta hafi líklega verið um sumar eða haust 2018. Brotþoli sagði ákærða ekki vera í neinu sambandi við börnin í dag.

3.

D móðir brotþola A bar að brotþoli hafi breyst mikið eftir að hún giftist ákærða og flutti til Íslands; sjálfstraust hennar hrunið, sjálfsálit þorrið og hún fyllst minnimáttarkennd. D kvaðst hafa flýtt eftirlaunatöku í [...] út af ástandinu á heimili ákærða og brotþola, flutt til Íslands strax og hún komst á eftirlaun í september 2016, búið inni á heimilinu og gert það sem hún gat til að létta undir í þeim vanda sem fjölskyldan var. Hún kvað það hafa ýtt undir þá ákvörðun að vita að dóttir hennar væri í sjálfsvígshugleiðingum og D því verið mjög áhyggjufull. Hún kvað ástandið hafa verið verra en hana óraði fyrir. Ákærði hefði sýnt ofbeldistakta strax og hann vaknaði á morgnanna, fundið minnsta tilefni til að atast í syni sínum, brotþola B og haldið því áfram eftir að hann kom heim úr vinnu á daginn. D kvaðst hafa reynt að halda sér utan við krytur hjónanna og komið sér snemma út um helgar til að fá smá frið og ró fyrir sjálfa sig. Hún kvað ákærða ávallt hafa verið upptendraðan, sífellt í leit að einhverri ástæðu fyrir rifrildi, sýnt ofbeldisfulla framkomu og viðhaft blótsyrði og önnur ljót orð um fjölskyldumeðlimi. D nefndi sem dæmi eitt skipti þegar hún hafði eldað góðan mat, brotþoli B viljað fá sér meira og ákærði þá öskrað á hann og kallað hann öllum illum nöfnum.

Aðspurð um meinta uppákomu 9. febrúar 2018 kvaðst D muna mjög vel eftir þeirri uppákomu og skýrði frá atvikum á sama veg og hún hafði áður gert hjá lögreglu. Hún kvaðst ekki vita hvernig það mál hefði endað ef foreldrar ákærða hefðu ekki dregið hann í burtu. Í kjölfar þess atviks hefði hún gefist upp og flutt aftur heim til [...] í maí 2018.

D kvað ákærða hafa verið sérstaklega vondan við brotþola B. Hún kvaðst í eitt skipti hafa orðið vitni að því þegar ákærði kýldi son sinn í magann og sagði ákærða svo hafa veist að henni þegar hún reyndi að koma drengnum til hjálpar. Þá hafi hún einu sinni séð ákærða gefa drengnum olnbogaskot í magann þegar sonurinn reyndi að standa upp úr sófa. Hún hafi ekki orðið vitni að öðru líkamlegu ofbeldi í garð drengsins en sagði ákærða hafa beitt hann andlegu ofbeldi nær daglega, líkt og hann hafi gert við brotþola A. Brotþoli C hafi sloppið best undan andlegu ofbeldi ákærða og D aldrei séð hann beita stúlkuna líkamlegu ofbeldi.

4.

Brotþoli B óskaði eftir að koma fyrir dóm við aðalmeðferð máls, þá 15 ára. Hann kvaðst muna eftir að hafa þrívægis gefið skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi og hann í öll skiptin sagt satt og rétt frá atvikum, en tók fram að við fyrstu skýrslugjöfina hafi hann fremur dregið úr frásögn um heimilisaðstæður til að hlífa föður sínum, ákærða í málinu. Brotþoli kvaðst í dag ekki muna nákvæmlega hvað hann sagði í fyrri skýrslum, enda langt um liðið og taldi best að tjá sig ekki frekar um þær skýrslur.

Brotþoli kvaðst hafa verið á leikskólaaldri þegar ákærði byrjaði að beita hann andlegu og líkamlegu ofbeldi, t.d. með því að lemja hann í bakið þegar hann var að borða og stundum lemja hann í bakið með belt. Að sögn brotþola hefði honum virst sem hann gæti ekki gert neitt rétt og ákærði alltaf verið að tukta hann til. Hann kvaðst alltaf hafa mátt eiga von á einhverju frá ákærða og sagði ákærða nær daglega hafa meitt hann eða gert eitthvað annað á hans hlut. Svona hefði þetta gengið allt þar til ákærði flutti út af heimilinu í febrúar 2019. Brotþoli kvaðst fram til þess tíma hafa verið mjög hræddur við ákærða, aðrir heimilismenn tiplað á tánum í kringum hann og reynt að koma sér út úr húsi á morgnanna áður en ákærði vaknaði. Brotþoli kvaðst oftast hafa verið uppi í rúmi þegar ákærði meiddi hann og sagði tvennt minnisstæðast, annars vegar þegar ákærði kastaði honum í rúmið og kýldi hann í magann og hins vegar þegar ákærði hefði haldið í peysu hans, lyft honum þannig upp og skallað hann í höfuðið. Brotþoli bar að sér liði miklu betur eftir að ákærði flutti út og í dag væri allt „fint“. Hann kvaðst hafa varið sumarfrí með ákærða í [...] 2019, fundist það frekar skrýtið og ákærði þá í eitt skipt slegið hann í bakið. Eftir þetta hafi brotþoli ekki haft áhuga á að umgangast föður sinn og sagði um tvö ár liðin síðan hann sá ákærða síðast.

Brotapoli kvaðst ekki oft hafa séð ákærða lemja móður hans, brotapola A, „en ég heyrði oft“. Þá kvað hann ákærða ekki oft hafa meitt systur hans, brotapola C, en ákærði hafi stundum verið vondur við hana og fyrst og fremst meitt hana með öskrum.

5.

S fyrrum umsjónarkennari brotapola B bar fyrir dómi að drengurinn hafi komið til hennar í 4. bekk, líklega 2015-2016. Brotapoli hafi verið mjög erfiður fyrsta skólaárið hjá henni án þess að hún vissi ástæður þar að baki en ári seinna, í 5. bekk, hafi hann brotnað niður, ekki viljað fara heim úr skóla og sagt föður sinn lemja hann og slá heimafyrir. Þetta hafi strax verið tilkynnt til barnaverndar en drengurinn haldið áfram að bera sig illa. Brotapoli hafi sýnt svipaða hegðun í 6. bekk, ekki viljað fara heim og sagt þýðingarlaust að kvarta undan föður sínum; það myndi ekkert breytast. Eftir að móðir drengsins skildi við ákærða hafi hlutirnir þó breyst, drengurinn orðið glaðari í bragði, liði bersýnilega mun betur og væri í dag mjög flottur nemandi.

6.

T fyrrum umsjónarkennari brotapola B bar að hún hafi verið umsjónarkennari hans frá hausti 2018 til vors 2021. Drengurinn hafi oft setið eftir í skólanum og sagt henni frá andlegu ofbeldi af hálfu ákærða; hann aldrei fengið knús, ást eða umhyggju frá föður sínum. Þá hafi brotapoli greint frá því að ákærði hefði í eitt skipti brjálást út af því að drengurinn hellti niður vatni nálægt fjöltengi og ákærði brugðist við með því að taka hann hálstaki og slá hann með belti. T kvaðst sjá merkjanlegar breytingar á brotapola eftir að móðir hans skildi við ákærða.

7.

Auk þegar greindra vitna komu fyrir dóminn R fyrrum vinnufélagi ákærða og U, V og Y, sem leigðu á tímabili hjá ákærða og brotapola A. Þau báru öll með líkum hætti og frá greinir í kafla VII.23. að framan og vísast til þess. Þá báru vitni O og P sálfræðingar, sem frá er greint í kafla VII.20. Þær staðfestu framlagðar skýrslur sínar í málinu og báru með líkum hætti um aðkomu sína að sálfræðilegri meðferð brotapola B og C.

8.

N fjölskyldufræðingur hjá barnavernd kom fyrir dóm og bar að hún hafi fyrst komið að barnaverndarþætti málsins haustið 2017, sagði brotapola C þá hafa dregið til baka ásakanir í garð föður síns, sagt ákærða hættan að beita ofbeldi og nú væri allt gott

á heimilinu. Í október það ár hafi aftur vaknað grunur um heimilisofbeldi, brotaþoli C þá greint frá því en brotaþoli B dregið úr öllu slíku fram til janúar 2019.

9.

Eftir Þ sálfræðing liggur greinargerð 7. september 2020 um viðtalsmeðferð brotaþola A, sem hófst í október 2019. Þ bar fyrir dómi að brotaþoli hafi ekki farið djúpt ofan í lýsingar á heimilisofbeldi enda meðferð ekki lotið að því. Brotaþoli hafi engu að síður tjáð mikið andlegt ofbeldi og viðvarandi ótta við ákærða og hún verið trúverðug og sannfærandi í þeirri frásögn.

10.

Þá liggur fyrir ítarlegt vottorð Æ geðlæknis 20. janúar 2022, sem hann staðfesti fyrir dómi, en til hans leitaði brotaþoli A í maí 2021. Æ kvað brotaþola hafa lýst með mjög trúverðugum hætti alvarlegu og langvarandi ofbeldi af hálfu ákærða í þeirra sambandi, bæði gagnvart henni, D móður hennar og börnunum tveimur. Æ hafi greint brotaþola með sterk einkenni áfallastreituröskunar, sagði þau enn veruleg og á háu stigi og enn hafa áhrif á persónu, persónuleika, vinnu og daglegt líf brotaþola.

IX. - Niðurstöður um sekt eða sýknu ákærða.

1.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og verður ákærði því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. Metur dómari enn fremur, eftir því sem þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. gildir og sú grundvallarregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

2.

Ákærða er gefið að sök stórfellt brot í nánu sambandi gagnvart þáverandi eiginkonu sinni, brotaþola A, á tímabilinu frá 1. maí 2014 til 13. febrúar 2019, með því að hafa ítrekað, endurtekið og á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi hennar, heilsu og velferð með líkamlegu og andlegu ofbeldi, öskrað á hana og hótáð henni og aðilum henni tengdum lífláti og líkamsmeiðingum, m.a. með þeim hætti sem frá greinir í ákæruliðum A.V. til A.VII. og með þeim afleiðingum sem lýst er

í ákæru. Er háttsemi ákærða gagnvart brotþola A aðallega talin varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara er lýst háttsemi samkvæmt A.V. talin varða við 1. mgr. 217. gr. og lýst háttsemi samkvæmt A.VI. við 1. mgr. 217. gr. og 233. gr. b hegningarlaganna.

Þá er ákærða gefið að sök stórfelld brot í nánu sambandi og barnaverndarlagabrot gagnvart tveimur börnum sínum, brotþolum B og C, á árunum 2014 til 2020, með því að hafa ítrekað, endurtekið og á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð beggja barna með líkamlegu og andlegu ofbeldi og með þeirri háttsemi ítrekað misþyrmt og misboðið börnunum þannig að líkamlegri og andlegri heilsu þeirra var hætta búin, sýnt af sér vanvirðandi háttsemi, ruddalegt og ósiðlegt athæfi gagnvart þeim, móðgað þau og sært, svo sem nánar greinir í ákæruliðum B. og C. og með þeim afleiðingum sem þar er lýst. Er háttsemi ákærða gagnvart brotþolum B og C talin varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og 98. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3.

Ákvæði 218. gr. b almennra hegningarlaga um heimilisofbeldi kom nýtt inn í lögum 30. mars 2016 með gildistöku 4. gr. laga nr. 23/2016 um breytingu á almennum hegningarlögum. Í 1. mgr. 218. gr. b segir að hver sá skuli sæta fangelsi allt að sex árum, sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt. Þá segir í 2. mgr. að ef brot er stórfellt getur það varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á grófleika verknaðar skuli sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur beri að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 23/2016 er lagt til að tekið verði upp sérstakt ákvæði í almenn hegningarlög (4. gr. frumvarpsins) um ofbeldisbrot í nánum samböndum þar sem áhersla sé lögð á það ógnar- eða óttaástand sem sú tegund ofbeldis geti skapað og þá langvarandi, andlegu þjáningu, kúgun og vanmátt sem því getur fylgt. Markmiðið sé að tryggja þeim sem þurfa að þola alvarlegt eða endurtekið ofbeldi af hálfu nákominna meiri og beinskeyttari réttarvernd en gildandi refsilöggjöf

gerir og er í því sambandi m.a. vísað til líkamsmeiðingarákvæða gildandi hegningarlaga, sem taki eðli máls samkvæmt einungis til líkamlegs ofbeldis en ekki til andlegs ofbeldis, s.s. kúgana, hótana eða niðurlægingar, sem sé algeng birtingarmynd ofbeldis í nánnum samböndum. Sé hinu nýja ákvæði ætlað að taka á þessum vanda og sé með því horfið frá því að líta á ofbeldi í nánnum samböndum sem samansafn einstakra tilvika og athyglin færð á þá viðverandi ógn og andlega þjáningu sem það hafi í för með sér. Með lögfestingu 4. gr. verði ofbeldisbrot í nánnum samböndum þannig virt heildstætt og eftir atvikum án þess að sanna þurfi hvert og eitt tilvik fyrir sig. Sé ákvæðinu þannig fyrst og fremst ætlað að ná yfir háttsemi sem staðið hefur yfir í lengri eða skemmri tíma og virða hana sem eina heild þótt því verði jafnframt beitt um einstök alvarleg tilvik.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins (1. mgr. 218. gr. b) er það gert að skilyrði að háttsemi sé endurtekin eða alvarleg svo hún verði refsiverð samkvæmt ákvæðinu. Með því að háttsemi sé endurtekin er vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja megi að viðvarandi ógnarástand hafi skapast, þó þannig að ekki sé útilokað að einstakt brot geti fallið undir ákvæðið ef það nær tilteknu alvarleikastigi. Þá segir í frumvarpinu að ofbeldi í nánnum samböndum geti haft ólíkar birtingarmyndir, svo sem í félagslegu ofbeldi þar sem þolandi er einangraður frá fjölskyldu og vinum; andlegu ofbeldi þar sem beitt er grófum og endurteknum uppnefnum, niðurlægingu og ásökunum; fjárhagslegu ofbeldi þar sem gerandi sviptir eða takmarkar aðgang þolanda að fjármunum þannig að hann líði skort eða þurfi að niðurlægja sig til að biðja um meira fé, eða minni háttar og ítrekuðum hótunum sem beinast hvort sem er að þolanda eða öðrum honum nákomnum. Í þessu ljósi sé lagt til að refsineami ákvæðisins verði ekki bundið við verknaði sem nú þegar feli í sér refsiverða háttsemi, heldur taki það jafnframt til þess ef lífi, heilsu eða velferð þolanda er ógnað á annan hátt sem ekki getur falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt gildandi lögum.

4.

Í ákæru er farin sú leið varðandi sakarefni samkvæmt ákærulið A. að lýsa tveimur nánar tilgreindum atvikum þar sem ákærði hafi veist að brotþola A, annars vegar „um sumarið 2017“, sbr. ákæruliður A.V. og hins vegar 9. febrúar 2018, sbr. ákæruliður A.VI. Meintri háttsemi ákærða er annars lýst með almennum hætti í upphafi ákæruliðarins og sérstaklega hnykkst á meintu andlegu ofbeldi í ákærulið A.VII. Ákærutímabil er tilgreint „frá 1. maí 2014 til 13. febrúar 2019“, þó þannig að brotatímabil samkvæmt A.VII. er afmarkað „á tímabilinu 2016 til 13. febrúar 2019“. Við aðalmeðferð máls kom fram af

hálfu ákærvaldsins að „1. maí 2014“ miðist við þann dag er ákærði og brotþoli fluttu ásamt börnum sínum, brotþolum B og C, inn í húsið að [...] og „13. febrúar 2019“ við útgáfu lögskilnaðarleyfis. Er ágreiningslaust að þann dag hafi ákærði verið fluttur út af heimili fjölskyldunnar. Þá upplýsti ákærvaldið fyrir dómi að afmörkun andlegs ofbeldis gagnvart brotþola A taki mið af því hvenær slíkt ofbeldi var sérstaklega lýst refsivert með 4. gr. laga nr. 23/2016.

Sakarefni samkvæmt ákæruliðum B. og C. er lýst með almennum hætti án tilgreiningar á sérstökum atvikum og er ákærutímabil afmarkað við meint brot ákærða „á árunum 2014 til 2020“. Við aðalmeðferð máls var ekki upplýst hvernig þetta tímabil væri fundið og engin skýring gefin á því af hverju ekki gildi sömu rök varðandi upphafstíma andlegs ofbeldis gagnvart brotþolum B og C og gert var gagnvart brotþola A.

5.

Eins og frá greinir í kafla VII.2. kærðu barnaverndaryfirvöld í [...] meint ofbeldi ákærða gagnvart brotþolum B og C til lögreglu í október 2013. Var í framhaldi stofnað lögreglumál nr. [...] og það mál felld niður 12. júní 2014. Eins og rakið er í köflum VII.3. til VII.6. hélt barnavernd rannsókn máls á barnaverndarstigi áfram með hléum og krafðist 7. júní 2017 lögreglurannsóknar á meintu líkamlegu og andlegu ofbeldi ákærða gagnvart syni sínum, brotþola B. Í kjölfar þessa var rannsókn enn drifin áfram af barnavernd og 21. nóvember krafðist hún einnig lögreglurannsóknar á meintum brotum ákærða gagnvart dóttur sinni, brotþola C. Þann 29. maí 2018 var brotþoli A kvödd til skýrslugjafar hjá lögreglu vegna meints ofbeldis ákærða gagnvart brotþolum B og C. Þann 10. október 2019 gaf ákærði sína fyrstu og eina lögregluskýrslu og þá aðeins vegna meintra brota gagnvart börnunum. Brotþoli A gaf aðra skýrslu hjá lögreglu 13. desember 2019 og var þá kynnt að rannsókn lyti að meintum brotum ákærða gagnvart henni og börnunum.

Af fyrirliggjandi barnaverndargögnum, svo sem þeim er lýst í köflum VII.3. til VII.5. verður ekki ráðið með neinni vissu hvernig ástandið var á heimili ákærða og brotþola á árunum 2014 til 2016. Af sömu gögnum þykir þó ljóst að ákærði var enginn fyrirmyndarfaðir og eiginmaður. Við skýrslugjöf brotþola B og C fyrir dómi í Barnahúsi 15. desember 2017, sem frá greinir í köflum VII.8. til VII.9., kom ekkert það fram sem hönd á festir um hvenær ákærði hafi byrjað að beita þau líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi. Með hliðsjón af aldri barnanna þarf slíkt ekki að koma á óvart. Þá verður helst ráðið af skýrslu brotþola A hjá lögreglu 29. maí 2018 að brotþoli hafi tengt ofbeldi

ákærða gagnvart börnunum við tímamark um eða eftir að D móðir hennar flutti inn á heimilið í september 2016. Við skýrslugjöf brotþola A hjá lögreglu 13. desember 2019 kom ekkert það fram sem veikir síðastgreinda ályktun svo nokkru nemi. Af framburði brotþola A fyrir dómi 9. febrúar sl. verður heldur ekki ráðið með neinni vissu hvernig framferði ákærða var á heimilinu áður en hann og brotþoli gengu aftur í hjónband í ágúst 2016 þótt vísbendingar séu um að ákærði hafi fyrir þann tíma verið byrjaður að beita brotþola andlegu ofbeldi og komið illa fram við börn sín.

Samkvæmt öllu framansögðu, ekki síst frásögn brotþola A og B við starfsmenn barnaverndar í desember 2014 um að ákærði hefði bætt hegðan síðan og væri hættur að beita ofbeldi, þeirri frásögn brotþola A í janúar 2016 að staðan á heimilinu væri góð, mikil breyting orðið þar á síðastliðið ár og ákærði hættur að beita hana og börnin hörku og ofbeldi og því að barnavernd lokaði 24. nóvember 2016 könnun máls á þeim grunni að ekkert lægi fyrir um misfellur í aðbúnaði barnanna, verður eins og sakargögnum er farið ekki talið að ákærvaldinu hafi tekist að sanna, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa í skilningi 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi framið refsiverð brot gegn fyrrum eiginkonu sinni, brotþola A og börnum sínum, brotþolum B og C, á tímabilinu frá 2014 til 2016. Skal ákærði að því leyti sýkn sakar. Í þeirri niðurstöðu felst ekki blessun dómsins á framferði ákærða innan veggja heimilisins á þessu árabili, enda eðli heimilisofbeldisbrota að þau fara leynt árum saman og eru þolendur ógjarnir að stíga fram fyrir skjöldu og segja frá því sem raunverulega hefur átt sér stað.

6.

Af dómsframburði brotþola A og D móður hennar, sem dómurinn metur trúverðugan, er einsætt að versnandi framferði ákærða innan veggja heimilisins sé meginástæða þess að D hóf lífeyristöku í [...] fyrr en áætlað var og flutti inn á heimili fjölskyldunnar í september 2016. Bera öll gögn málsins að einum brunni um að ákærði hafi, í síðasta lagi frá ársbyrjun 2017, gerst sekur um einhverja þá háttsemi gagnvart brotþolum A, B og C, sem lýst er refsiverð að lögum. Breytir engu í því sambandi eindregin sakarneitun ákærða enda fær framburður hans enga stoð í gögnum málsins.

Eins og áður segir var ákærði fyrst yfirheyrður um sakarefni máls í október 2019 og þá aðeins að því er varðar meint brot gagnvart börnum sínum. Brotþoli A er því ein til frásagnar um meinta líkamsárás sumarið 2017 sem lýst er í ákærulið A.V. Að því gættu og gegn eindreginni sakarneitun ákærða ber að sýkna hann af þeirri háttsemi sem þar er lýst. Að því er sérstaklega varðar sakarefni samkvæmt ákærulið A.VI. liggja hins

vegar fyrir stöðugir og samhljóða framburðir brotaþola A og D móður hennar hjá lögreglu og fyrir dómi um svívirðilega framkomu ákærða gagnvart þeim 9. febrúar 2018, sem jafnframt bitnaði á dóttur hans, brotaþola C. Brotaþoli A og D leituðu í framhaldi til [...] og liggja fyrir læknisvottorð til staðfestingar á lýstum áverkum samkvæmt ákæru. Að gættum þessum atriðum er ákærði sannur að þeirri háttsemi sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið.

Með hliðsjón af trúverðugum framburði brotaþola A og D móður hennar fyrir dómi, sem samrýmist framburði þeirra hjá lögreglu, stoð fær í dómsvætti Þ sálfræðings og Æ geðlæknis og samrýmist öðrum gögnum málsins er sannað, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi á tímabilinu frá janúar 2017 til 13. febrúar 2019 margítrekað og með alvarlegum, grófum og meiðandi hætti ógnað heilsu og velferð brotaþola A með viðvarandi líkamlegu og andlegu ofbeldi, sem m.a. fólst í því að leggja á hana hendur, öskra á hana, gera lítið úr henni og tala niður til hennar, allt með þeim afleiðingum að brotaþoli óttaðist um velferð sína og barnanna, var þjökkuð af kvíða og lágu sjálfsmati og líf hennar breyttist í martröð sem ekki sá fyrir endann á fyrr en henni auðnaðist sá kraftur að krefjast hjónaskilnaðar við ákærða. Er við fátt annað að styðjast en framburð brotaþola um þær lýstu afleiðingar í ákæru að hún hafi einnig óttast um líf sitt og barnanna, hún glímt við sjálfsvígshugsanir og í einhverjum tilvikum læst sig inni á baðherbergi með hníf af einskærum ótta við ákærða. Er sú frásögn þó ekki dregin í efa en þótt henni væri vikið til hliðar að einhverju leyti myndi það ekki skipta sköpum við mat á refsineymi og alvarleika háttsemi ákærða. Er hann án nokkurs skynsamlegs vafa sekur um að hafa á framangreindu tímabili brotið gegn brotaþola A með svo alvarlegum hætti að refsingu varði samkvæmt 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga.

7.

Brotaþolar B og C gáfu tvívegis skýrslur fyrir dómi í Barnahúsi án þess að þeim væri gerð grein fyrir rétti sínum til að skorast undan skýrslugjöf vegna tengsla sinna við ákærða. Dregur þetta úr sönnunargildi vitnisburðar þeirra, sbr. hæstaréttardómur nr. 54/2019. Brotaþoli B kom hins vegar fyrir dóm að nýju við aðalmeðferð máls, vildi fá að tjá sig um meintar sakargiftir á hendur föður sínum og kvaðst hafa sagt satt og rétt frá í fyrri skýrslum fyrir dómi. Dómurinn hefur horft og hlýtt á framburði beggja brotaþola fyrir dómi 15. desember 2017 og 24. janúar 2019. Þykir sá framburður einlægur, ýkjulaus og trúverðugur svo langt sem hann nær. Framburður barnanna styðst við trúverðugan framburð brotaþola A og D ömmu þeirra, sem og þau gögn barnaverndar sem frá greinir

í köflum VII.6. til VII.7., fær aukinheldur stoð í vottorðum og dómsvætti tveggja sálfræðinga sem frá er greint í kafla VII.20. og jafnframt, að því er varðar brotþola B, stoð í dómsvætti tveggja kennara hans. Að slepptri sakarneitun ákærða er alls ekkert sem styður framburð hans í málinu.

Samkvæmt öllu framansögðu er sannað, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi á tímabilinu frá janúar 2017 til 13. febrúar 2019 margítrekað og með alvarlegum, grófum og sérlega meiðandi hætti ógnað heilsu og velferð brotþola B með viðvarandi líkamlegu og andlegu ofbeldi, sem m.a. fólst í því að kýla drenginn í einhver skipti í maga og handlegg, slá hann í höfuð, taka hann kverkataki, þrýsta olnboga í síðu hans, toga í eyru hans og snúa upp á þau, öskra margendurtekið á drenginn að ófyrirsynju, gera lítið úr honum og tala til hans með sérlega niðrandi hætti, allt með þeim afleiðingum að brotþola stóð stöðug ógn og ótti af föður sínum. Þess utan þurfti brotþoli á sama tímabili að búa við almennt ógnarástand sem ákærði skóp á heimilinu með viðvarandi ofbeldi gagnvart móður drengsins, brotþola A og systur hans, brotþola C. Leikur að mati dómsins enginn skynsamlegur vafi á því að ákærði hafi á greindu tímabili brotið svo alvarlega gegn brotþola B að refsingu varði samkvæmt 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Fallist er á með ákærvaldinu að ákærði hafi með háttarni sínu misþyrmt syni sínum andlega og líkamlega og komið fram við hann á ruddalegan og ósiðlegan hátt í skilningi 98. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga. Með hliðsjón af alvarleika háttseminnar þykja ákvæði 218. gr. b tæma sök gagnvart téðum ákvæðum barnaverndarlaga. Er ákærði sekur samkvæmt því. Engin haldbær gögn liggja fyrir um að ákærði hafi brotið gegn drengnum eftir að ákærði flutti út af heimilinu 13. febrúar 2019 og er hann að því leyti sýkn sakar.

Með hliðstæðum rökum er sannað, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi á tímabilinu frá janúar 2017 til 13. febrúar 2019 ítrekað og með alvarlegum og meiðandi hætti ógnað heilsu og velferð brotþola C með líkamlegu og andlegu ofbeldi, sem m.a. fólst í því að slá hana í einhver skipti í afturendann, kreista hönd hennar fast, toga í eyru hennar og snúa upp á þau, öskra á stúlkuna að ófyrirsynju og tala til hennar með niðrandi hætti, allt með þeim afleiðingum að brotþola stóð ógn og ótti af föður sínum. Þess utan þurfti brotþoli á sama tímabili að búa við almennt ógnarástand sem ákærði skóp á heimilinu með viðvarandi ofbeldi gagnvart móður hennar, brotþola A, bróður hennar, brotþola B og í eitt skipti gagnvart D ömmu hennar. Af dómsframburði brotþola, bróður hennar, móður, ömmu og öðrum gögnum málsins má

blessunarlega ráða að stúlkan hafi liðið fyrir mun minna ofbeldi af hálfu ákærða en aðrir heimilismenn, án þess að lítið sé gert úr þeim þjáningum barnsins að búa við það alvarlega og viðvarandi ógnarástand sem ákærði sannanlega skóp á heimilinu. Þykir að öllu gættu enginn skynsamlegur vafi leika á því að ákærði hafi á greindu tímabili brotið svo alvarlega gegn brotþola C að refsingu varði samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og þykir það ákvæði, eins og hér stendur á, tæma sök gagnvart almennt orðuðum ákvæðum 98. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga. Er ákærði fundinn sekur samkvæmt því. Engin haldbær gögn liggja hins vegar fyrir um að ákærði hafi brotið gegn dóttur sinni eftir að ákærði flutti út af heimilinu 13. febrúar 2019 og er hann að því leyti sýkn sakar.

X. - Ákvörðun refsingar og miskabóta.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður orðið uppvís að refsiverðri háttsemi. Ber að líta til þessa við ákvörðun refsingar. Ákærði á sér engar málsbætur. Með hliðsjón af alvarleika þeirra brota sem hann er sakfelldur fyrir og að gættum ákvæðum 1., 2., 3., 6. og 7. tölulið 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans vægast metin fangelsi í tvö ár. Eru ekki efni til að skilorðsbinda þá refsingu.

Með háttsemi þeirri sem ákærði er sakfelldur fyrir hefur hann valdið fyrrum eiginkonu sinni og börnum, brotþolum A, B og C, ómældum miska í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og er ákærði bótaskyldur samkvæmt því. Af vottorði Æ geðlæknis er ljóst að miski brotþola A er gríðarlegur og ekki séð fyrir endann á því tjóni sem ákærði hefur valdið sálarlífi hennar þótt þrjú ár séu liðin frá því hún braust undan þeirri langvarandi kúgun, ofríki og ógnar- og óttaástandi sem ákærði skóp á heimili hennar og barnanna. Þótt ekki liggi fyrir jafn ítarleg gögn um sálarástand brotþola B og C er til þess að líta að þau bjuggu við sama ógnarástand, sem virðist hafa bitnað einna harðast á brotþola B og sitja bæði eftir föðurlaus. Að þessu gættu og með hliðsjón af málsatvikum í heild þykja miskabætur til brotþola A hæfilega ákveðnar 3.500.000 krónur, miskabætur til brotþola B 2.500.000 krónur og bætur til brotþola C 1.500.000 krónur. Skulu þær bætur bera vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. febrúar 2019 til 1. nóvember 2021 en frá þeim degi dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

XI. - Ákvörðun sakarkostnaðar.

Eins og áður greinir er sakarefni samkvæmt ákærulið A., sbr. undirliðir A.I. til A.IV., vísað frá dómi. Áfallinn sakarkostnaður vegna þeirra þátta nemur samtals 87.300 krónum og greiðist úr ríkissjóði. Eftir stendur 62.860 króna útlagður sakarkostnaður vegna annarra ákæruliða og ber að dæma ákærða til að greiða þann hluta.

Samkvæmt greindum málsúrslitum, þ.e. frávísun að hluta, verður ákærði ekki dæmdur til að greiða nema hluta málsvarnarlauna Ástu Bjarkar Eiríksdóttur verjanda síns hjá lögreglu og fyrir dómi. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslu verjandans þykja málsvarnarlaun hæfilega ákveðin 2.232.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þykir rétt að ákærði greiði $\frac{3}{4}$ hluta þeirra málsvarnarlauna en $\frac{1}{4}$ hluti greiðist úr ríkissjóði. Þess utan greiði ákærði einn 78.648 króna aksturskostnað verjanda.

Til annars sakarkostnaðar telst þóknun Ásgeirs Jónssonar lögmanns sem gætti hagsmuna brotþola A hjá lögreglu og fyrir dómi og þóknun Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns sem gætti hagsmuna brotþola B og C. Með hliðsjón af sakfellingu ákærða samkvæmt meginefni ákæru verður hann dæmdur til að greiða þóknun beggja réttargæslumanna. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslna réttargæslumanna þykir þóknun Ásgeirs hæfilega ákveðin 1.660.050 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Við þá fjárhæð bætist 60.000 króna útlagður kostnaður vegna vottorðs Æ geðlæknis, sem ákærði greiði einnig. Þóknun Halldóru þykir einnig hæfilega ákveðin 1.660.050 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þess utan greiði ákærði 68.904 króna aksturskostnað réttargæslumannsins.

Skjalaframlagning ákæruvaldsins í lögreglumáli nr. [...] er í miklum ólestri; skjalaröðun og -númerun ruglingsleg og efnisyfirlit skjalaskrár lítt til gagns. Hefur þetta síst auðveldað störf þeirra sem komið hafa að dómsmeðferð málsins.

Jónas Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Sakarefni samkvæmt ákærulið A., sbr. undirliðir A.I. til A.IV. er vísað frá dómi án kröfu.

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði brotþola A 3.500.000 króna miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. febrúar 2019 til 1. nóvember

2021 en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði brotþola B 2.500.000 króna miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. febrúar 2019 til 1. nóvember 2021 en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði brotþola C 1.500.000 króna miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. febrúar 2019 til 1. nóvember 2021 en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði 62.860 krónur í útlagðan sakarkostnað ákæruvaldsins. Þá greiði ákærði $\frac{3}{4}$ hluta 2.232.000 króna málsvarnarlauna verjanda síns, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur og 78.648 króna aksturskostnað. Ákærði greiði 1.660.050 króna þóknun Ásgeirs Jónssonar réttargæslumanns brotþola A og 60.000 króna útlagðan kostnað, sem og 1.660.050 króna þóknun Halldóru Aðalsteinsdóttur réttargæslumanns brotþola B og C og 68.904 króna aksturskostnað.

Jónas Jóhannsson